

GUNNAR THEODÓR EGGERTSSON

Jarpur, Blakkur, Skjóni, Stjarna og Hjalma

Sýnileg og ósýnileg dýr í íslenskum dýrasögum¹

1. *Dauður bestur*

Einn haustmorgun árið 1895 unnu vinnumenn af kappi við að taka gröf í túninu austan við bæinn Holt í Svínadal í Húnavatnssýslu. Björg húsfreyja hélt út í hesthús með mjólkurfötu til að kveðja vin sinn hinstu kveðju með góðum sopa, því þennan dag átti að fella Rútsstaða-Jarp.

Eftir því sem líða tók á daginn streymdu gestir inn að Holti. Björg og Guðmundur bóndi buðu fólk velkomið og vísuðu þeim inn í stofu og til annarra bæjarhúsa. Tilefnið var alvarlegt og þögull drungi ríkti yfir sveitinni:

Byssuskot að bæjarbaki hlumdi í eyrum. Fólkíð leit hvað til annars. Einhver sagði í lágum róm: „Það er þá afstaðið.“ „Já, það er afstaðið.“ – Það var dómsorðið mikla, sem lét svo hátt í eyrum og skynjun fólksins. Fyrir þessu skoti féll Rútsstaða-Jarpur. – Það leið nokkur stund. Það var hljótt meðal gestanna. Guðmundur húsbóndi gekk svo meðal þeirra og rauf þögnina. Hann kvaðst nú biðja fólkíð að ganga út að gröf vinar síns. Þar varð fljótt fjölmenni mikið.²

Úti brosti sólin í gegnum þökuna og tók þátt í kveðjustund þessa „fræga, fallna náttúrubarns“³ sem hafði nú verið lagt í gröf sína og hagrætt eftir

¹ Greinin byggir á tveimur erindum höfundar sem haldin voru á vegum Humanimalrannsóknarhópsins við Uppsala-háskóla vorið 2019. Greinin er jafnframt hluti af viðameira rannsóknarverkefni höfundar á norrænum dýrasögum á nítjándu öld.

² Ásgeir Jónsson, „Horfnir góðhestar“, Akureyri: Bókaútgáfan Norðri, 1946, bls. 197.

³ Sama heimild, bls. 197.



kröfum vina sinna. Stefán Jónsson, prestur á Auðkúlu, hélt eftirmæli hestinum til heiðurs og þrír hagyrðingar fluttu honum erfiljóð. Að ræðuhöldum loknum og þegar búið var að ganga frá síðasta hvílurúmi Jarps var sest að stórveislu á bænum í minningu látins féлага.

Svo lýsir Ásgeir Jónsson frá Guttorp hinsta degi Rútsstaða-Jarps og bendir jafnframt á að „það mun einstæður viðburður í sögunni, að prestvígður maður haldi ræðu og skilnaðarathöfn yfir dauðum hesti. En svo hátt var Rútsstaða-Jarpur og orðstír hans metinn.“⁴ Útförinni er lýst undir lok æviágrips um Jarp sem birtist í einstöku safnriti Ásgeirs um líf og ævi íslenskra hesta, *Horfnunum góðhestum*, en í þessari grein verður unnið út frá hugmyndinni um „góðhestinn“ og hvernig hún birtist í íslenskum dýrasögum á síðari hluta nítjándu aldar og fyrri hluta þeirrar tuttugustu. Sagan af Rútsstaða-Jarpi verður tekin til greiningar og áhersla lögð á að rýna í birtingarmynd dýrsins með því markmiði að draga fram duldar forsendur og merkingarauka sem fylgja framsetningu hesta (og annarra dýra) í slíkum sögum. Um leið verður spurningum varpað fram um hvaða dýr teljist yfir höfuð frásagnarverð, því þannig má beina sjónum að togstreitunni á milli sýnilegra og ósýnilegra dýra í samfélaginu. Ekki hljóta allir hestar erfidrykkjur, erfiljóð og margra blaðsíðna æviágrip. Hvers lags hestalíf þykir í frásögur færandi og hvaða hestar hljóta ekki aðgöngu inn í heim bókmenntanna? Hvað merkir eiginlega að vera „góðhestur“ og verða ekki vondir hestar líka einhvers staðar að vera? Dýr sem hljóta þann heiður að verða sögupersónur fanga um leið athygli mannfólksins og hver einasta dýrasaga er afrek í sjálfu sér, því hún minnir okkur á að dýr eru meira en bara nafnlaus og einhæf heild.

Dýrasagan sem bókmenntaform er ávallt lituð af mannmiðjuhugsun upp að vissu marki og því verður sérstakur gaumur gefinn þeim áhrifum. Saga dýrasagna á Íslandi er auk þess nátengd uppvexti íslensku dýraverndarhreyfingarinnar og samband skáldskapar og siðfræði birtist hvað skýrast á blaðsíðum tímaritsins *Dýravinarins*. Strategísk ritstjórn Tryggva Gunnarssonar bankastjóra í þeim málum kemur því við sögu þegar litið verður til dýrasögunnar sem verkfæris í baráttu málsvara dýra. Dæmi koma mestmegnis úr hestasögum, svo sem „Skjóna“ eftir Gest Pálsson og „Heimþrá“ eftir Þorgils gjallanda, enda hesturinn vinsælasta dýrið bæði í dýraskáldskap og dýravernd á nítjándu öldinni, þótt einnig verði vikið að öðrum tegundum. Í síðari hluta greinarinnar verður vöngum velt yfir því hverjir það séu sem helst

⁴ Sama heimild, bls. 198.

skrifi dýrasögur og spurningin „hverjir skrifa og um hvaða dýr?“ skoðuð út frá kynjafræðilegri nálgun. Í lokakafnanum er því haldið fram að sum dýr séu sannarlega vinsælli en önnur og að mikilvægar eyður og merkingarbærar þagnir sé að finna í bókmenntasögu dýraskáldskapar.

2. *Horfnar ótemjur*

Ritið *Horfnir góðbestar* er stórvirki og einstakt sem slíkt, djúp hugleiðing um hestinn sem mótandi þátt í íslenskri menningu og samvitund, en jafnframt minningabók um yfir tvö hundruð ferfætta einstaklinga. Sögunum safnaði höfundur frá fólki sem þekkti hrossin eða hafði heyrt af þeim munnmæla-sögur. Hestarnir eru nafngreindir og þeim fylgir oftast ættartala sem tilgreinir fæðingar- og dánarstað þeirra. Frásagnirnar segja frá lífi og dauða hestanna, í stuttu eða lengra máli, og auðvitað frá eigendunum sjálfum. Hestarnir eru nátengdir því fólki sem sá um þá, enda eru það oftast nær eigendurnir sem ákveða að segja af þeim sögur. Bók Ásgeirs kom út árið 1946 en sögurnar spanna áratugin þar á undan og heimildir eru mismunandi eftir því. Sagan af Rútsstaðar-Jarpi er til dæmis skrásett hálfri öld eftir útförina og byggir væntanlega á munnmælum og lýsingum sem hafa gengið manna á milli af dánardægri hins rómaða hests. Og vissulega hefur þetta verið eftirminnileg útför og erfirdrykkja, því þótt góðbestar hafi notið sinnar virðingar á Íslandi á nítjándu öldinni þá voru útfarir sem slíkar ekki algengar, hvað þá með blessun prests. Ásgeir minnst fyrst og fremst á að hafa bundið sig við þær heimildir „sem fengizt hafa frá Guðmundi sjálfum gegnum merka samtíðarmenn hans“⁵ (Guðmundur lést árið 1931) og nafngreindir þá Jónas Kristjánsson lækni, Gísli Jónsson frá Stóradal og Jóhann Guðmundsson frá Holti,⁶ sem tók við búi föður síns og mun hafa verið átta ára gamall þegar Jarpur var jarðsunginn. En þótt útför Jarps virðist hafa verið eftirminnileg mörgum, þá harmar Ásgeir að hafa hvorki tekist að hafa uppi á erfiræðu séra Stefáns né heldur erfiljóðum hinna snjöllu hagyrðinga, „þrátt fyrir allmikla eftirgrennslan“, og telur þau merku skrif að öllum líkindum glötuð.⁷

Hestar á borð við Jarp töldust nógu áhugaverðir til að um þá væru skrifaðar margar blaðsíður í *Horfnunum góðbestum*, á meðan líf annarra spannar ekki nema efnisgrein, en allir voru þeir „góðbestar“ sem vert er að minnast, eins og Ásgeir leggur áherslu á í lokaorðum sínum:

⁵ Sama heimild, bls. 196.

⁶ Sama heimild, bls. 190.

⁷ Sama heimild, bls. 198.

Allir sannir hestunnandi Íslendingar ættu að vera sammála um, að það væri gott verk og þarflegt að forða minningum góðhestanna okkar frá glötun, fyrst og fremst með tilliti til þess, hvað við höfum verið þeim háðir allt frá því að land okkar byggðist. [...]

Hestarnir voru okkur svo nátengdir og fléttaðir inn í allt at-hafnalíf okkar, að þeir ættu að skipa öndvegi í minningum okkar eldri mannanna, sem kost höfum átt á því að kynnast listagildi og gagnsemi þeirra í blíðu og stríðu.⁸

Bókin tekur fyrir tvær sýslur – Húnavatns og Skagafjarðar⁹ – og þótt eflaust sé ótal fleiri góðhesta að finna á landinu öllu eru lýsingar Ásgeirs ritaðar af slíkri nákvæmni að lesandi fær óneitanlega á tilfinninguna að enginn hestur hafi verið skilinn útundan – að minnsta kosti enginn „góðhestur“. Bókin virkar á köflum eins og ættarbók, sem sagnfræði um mikilvægar persónur, sögur af sveitarhátum, lýsingar á ákveðnum bæjum, stöðum og eigendum, sem standa reiðskjótum sínum nærri. Tengsl eiganda og hests birtast meðal annars í kaflaheitum, þar sem hestanöfn birtast í bland við nafn eiganda og /eða heimabæ hestsins. Hestasögurnar eru óaðskiljanlegar víðara samhengi samfélags og eiganda og endurtekinn lestur á keimlíkum frásögnum um þessi glæstu dýr gefur til kynna að sögurnar þjóni ekki síður því hlutverki að upphefja bæði eigendur og bærjastæði, eða nokkurs konar staðfesting á frásagnarformi á þeirri hugmynd að á baki hvers góðhests sitji ávallt góðmenni.

Rútsstaða-Jarpur er kjördæmi um íslenskan góðhest eins og hugtakið birtist okkur í íslenskri orðabókarskilgreiningu: „góður reiðhestur, gæðingur“.¹⁰ Hestamennskuorðasafnið *Orðfákur* bætir við skilgreininguna á gæðingi og segir að slíkur hestur sé „góður hestur, vakur hestur; falletgur, fasmikill, rúmur, viljugur og ásetugóður hestur“.¹¹ Góðhestur uppfyllir þannig ákveðin skilyrði hvað varðar útlit, hegðun og þægindi – að hann sé falletgur út frá ákveðnum stöðlum um hestaræktun, að hann sé viljugur og hlýði vel sem reiðhestur, og að gott sé að sitja á honum. Góðhestur er líka einmitt það sem orðið lýsir bókstaflega – *góður bestur* – sem gefur til kynna vináttu

⁸ Sama heimild, bls. 379, 398.

⁹ Ásgeir gaf út annað bindi vegna vinsælda hins fyrra og tók það fyrir Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslur.

¹⁰ „Góðhestur“, *Íslensk orðabók*, ritstj. Mörður Árnason, Reykjavík: Forlagið, 2007. Vefbók: Snara.is (síðast skoðuð 20.02.2020).

¹¹ „Góðhestur“, *Orðfákur*; ritstj. Magnús Sigurðsson, Hólar í Hjaltadal: Sögusetur íslenska hestsins, 2016. Vefbók: Snara.is (síðast skoðuð 20.02.2020).

á milli manneskju og hests. Fagurfræðin og vináttan þarf ekki að tengjast beinu notagildi og á bak við orðabókarskilgreiningar má eflaust finna tilfinningarík tengsl á milli tegunda sem ögra sambandi þjóns og eiganda að einhverju leyti.

En hugmyndin um „góðhestinn“ gefur einnig til kynna skuggaveruna sem myndar við hann andstæðupar: „ótemjuna“. Og þegar við rýnum í kosti og galla góðhesta og ótemja er mikilvægt að velta fyrir sér hvernig þær skilgreiningar hafa áhrif á hugsun okkar um og meðferð okkar á dýrunum sem um ræðir. Góðhesturinn uppfyllir ákveðin skilyrði sem eru almennt talin jákvæð af þeim sem sjá um eða hafa eignað sér dýrið og að sama skapi einkennist ótemjan af eiginleikum sem eru taldir neikvæðir, svo sem hjá óstýrilátum, villtum eða frjálsum hestum. Með öðrum orðum er góðhestur skilgreindur fyrst og fremst út frá notagildi hans fyrir mannfólk og út frá fegurðarstöðlum sem hestamenn hafa sammælt um að skipti máli. Skilgreining á góðhesti felur þannig ekki endilega í sér hugmyndir um líðan hestsins, um félagstengsl hans við aðra sinnar tegundar, um sjálfstæða hegðun eða frelsi, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Í þessu samhengi er nauðsynlegt að dvelja aðeins við mannmíðjuhugsunina í sambandi mannfólks við aðrar dýrategundir. Hér er mannmíðjan skilgreind sem svo að ákveðin forgangsöröðun ráði ríkjum þegar tillit er tekið til annarra tegunda og að þegar til árekstra komi séu hagsmunir dýra almennt látnir víkja fyrir hagsmunum mannfólks. Hlutverk annarra tegunda er þannig fyrst og fremst skilgreint út frá mennskum sjónarmiðum, svo sem eign, þjónn, þræll, hráefni, skraut eða félagsskapur, og möguleg sjónarmið dýrsins eru sett í annað sæti. Mannhverfan (e. *anthropocentrism*) er rótgróin vestrænni menningarsögu og í bókinni *Anthropocentrism and Its Discontents: The Moral Status of Animals in the History of Western Philosophy* (2005) bendir dýrasiðfræðingurinn Gary Steiner á að í vestrænni heimspekihefð sé mannkynið iðulega staðsett mitt á milli hins guðlega og hins dýrslega og að „af öllum jarðneskum verum sé mannveran næst guðnum“.¹² Sú nánd veitir „mannverum leyfi til að slá eignarrétti yfir önnur dýr“,¹³ enda byggir mannhverfan á þeirri forsendu að hlutverk mannfólks sé að ráða yfir öðrum tegundum. Steiner rýnir í dæmi úr heimspekisögunni sem draga stigveldi mannmíðjunnar í efa og færir rök fyrir mikilvægi þess að endurhugsa þessa

¹² Gary Steiner, *Anthropocentrism and Its Discontents: The Moral Status of Animals in the History of Western Philosophy*, Pittsburgh, PA: University of Pittsburgh Press, 2005, bls. 1.

¹³ Sama heimild, sami staður.

úreltu hugmynd og „leitast eftir nýjum hugtökum sem endurspeгла betur reynsluheim mannkynsins gagnvart öðrum dýrategundum“.¹⁴

Mannmiðjuhugsun einkennist af þeirri forsendu að hlutverk mannfólks sé að ráða yfir öðrum dýrum, sjá um þau, stýra lífi þeirra og dauða. Þegar mannhverfan er sett undir smásjána kemur fljótlega í ljós að um er að ræða flókið og víðtækt hugtak sem er ekki endilega hægt að skilgreina út frá hreinni tvíhyggju (góð eða slæm). Hugsunin getur náð utan um bæði góða meðferð á dýrum (til dæmis gæludýræign) og slæma meðferð (til dæmis verksmiðjubú). Samband mannhverfu og dýravelferðar sýnir einnig fram á flækjurnar sem eru til staðar innan í hugtakinu. Samband manneskju til að mynda við hest getur einkennst af bæði mannmíðjuhugsun og velferð. Vel-líðan dýrsins varðandi ákveðnar þarfir getur þannig verið höfð að leiðarljósi (líkamleg heilsa, regluleg matargjöf, húsaskjól, félagsskapur) þrátt fyrir að sambandið sé skilgreint út frá mannmíðjuhugsun (manneskjan ræður yfir dýrinu, sem er þar af leiðandi undirgefið, ekki frjálst ferða sinna, ráðstafar ekki eigin tíma, velur ekki eigin félagsskap). Góðhesturinn getur því lifað ágætu lífi og notið velferðar, en samt verið í undirgefnu sambandi og í þjón-ustuhlutverki sem eign mannfólksins.

Þessi mannmíðjuhugsun endurspeglast í orðræðu góðhestanna í bók Ásgeirs, en þar er Rútsstaða-Jarpur til að mynda mæður út frá því hvernig kostir hans upphesja fólkið í kringum hann. Lýsingarnar bera nánast með sér frægðarljóma stórstjörnu, Jarpur sagður bæði „sveitasóminn“ og „heimilisprýðin“ og fráfall hans talið sjónarsviptir fyrir Svíndælinga.¹⁵ Ekki fer á milli mála að Jarpur er álitinn meira en hefðbundið félags- eða húsdýr. Orðstír hestsins hefur gert hann að stöðutákni fyrir eigendurna, Guðmund og Björgu, og þar með fyrir bæinn Holt og Svínadal almennt – ef ekki landið gervallt, enda var hann „næstum þjóðkunnur“.¹⁶ Í landbúnaðarsamfélagi á við Ísland voru hestar mikilvæg dýr og ekki kallaðir „þarfasti þjónninn“ að ástæðulausu. Því er ekki að undra að „góðhesturinn“ skyldi verða eftir-sóknarverð eign og að ákveðnar hefðir hafi myndast bæði í ræktun og orðræðu um hesta til að skapa þennan sérstæða samfélagslega hrossahóp. Frá mannmíðjunni séð er samband góðhestsins og eiganda hans ákveðið samlífi sem einkennist af gagnkvæmu trausti á milli tegunda: góður hestur tilheyrir góðum manni og góður maður temur ávallt góðan hest, því hann kemur vel fram við dýrið. Sögur af góðhestum upphesja þessa jákvæðu þætti hesta-

¹⁴ Sama heimild, sami staður.

¹⁵ Ásgeir Jónsson, „Horfnir góðhestar“, bls. 198.

¹⁶ Sama heimild, bls. 190.

lífsins og festa í sessi hugmyndina um að samband eiganda og hests sé í eðli sínu jákvætt og annað hljóti því að vera frávik. Góðir menn stæra sig ekki af slæmum hestum, né heldur hreykja sér af því að misþyrma eða fara illa með hesta.

Stöldrum aðeins lengur við skilgreininguna á „góðhesti“ og hvernig lýsingum á slíkum hestum er gjarnan háttáð. Notum Jarþ áfram sem dæmi, enda fær hann óvenjulanga lýsingu – heila blaðsíðu og rúmlega það – og grípum niður í fyrstu línurnar:

Jarþur var með stærri hestum, lofthár, grannbyggður og spengilegur. Höfuðið í stærra lagi, mjög skarbeinótt og æðabert, beina snoppulínu og skarpan nasahrygg, víðar og þunnar nasir, nokkuð munnstór, með lipra og framdregna flipa. Ennið breitt og gagnaugnaholurnar djúpar, augun í stærra lagi, skær, fögur og glaðleg, en þó mild og dreymandi, þegar hann var í kyrrstöðu, augnabogarnir rúmmiklir og skarpir.¹⁷

Lýsingin heldur áfram og minnir mjög á hestaræktun, með ríkulegri áherslu á ytri þætti og líkamlega, þótt Ásgeir staldri þó aðeins við og íhugi dreymandi ásjónu hestsins í kyrrstöðu. Sálarlíf hestsins er til staðar, en mun minna fer fyrir persónuleikalýsingum miðað við útlitið. Vangaveltur um innra líf hestsins birtast helst þegar mæð er góð hegðun og hlýðni, svo sem þegar Ásgeir lýsir Jarpi sem jafnaðarlega taumljúfum og ofríkislausum,¹⁸ en þær lýsingar snúa einmitt að þjónustu hestsins við mannfólkið og uppfylla ákveðnar væntingar um tamingu og rétta hegðun. En hvað með þá hesta sem uppfylltu ekki slík skilyrði? Hvar eru allir „illhestarnir“ – ef svo má að orði komast og halda samræmi við parið „góðmenni/illmenni“ – en einnig má spyrja, hvar eru blessaðar ótemjurnar?

Ótemja er hestur sem ekki fylgir settum reglum mannfólksins. Ótemja er óhlýðinn hestur, óstýrilátt dýr, hvort sem það sýnir einbeittan brotavilja eða er skaddað af slæmri meðferð mannfólksins, og í eðli sínu getur „ótemjan“ ekki verið „góðhestur“, því hún hagar sér ekki á réttan hátt eftir væntingum mannfólksins. En skilgreiningin nær ekki bara yfir hesta sem haga sér illa, heldur geta illhestarnir einnig verið þeir sem komið hefur verið illa fram við. Beint og óbeint ofbeldi, nið og vanræksla, er hluti af menningarsögu illhestsins og ákveðin skömm fylgir þeim eigendum og/eða gerendum sem

¹⁷ Sama heimild, sami staður.

¹⁸ Sama heimild, bls. 191.

hafa gerst sekir um slæma meðferð á dýrum. Vænta má að fáir hestamenn hafi slegið um sig með ljótum sögum af illa höldnum hestum á samkomum. Sé gengið út frá því að góðhestar hafi verið álitnir stöðutákn í íslensku samfélagi á seinni hluta nítjándu aldar og fyrri hluta hinnar tuttugustu, og að sögur af góðhestum endurspegli ávallt eigendurna og smiti kosti skepnunnar yfir til mannsins, þá er skiljanlega engum í mun að segja sögur af ótemjum eða öðrum illhestum, enda eykur slíkt engan hróður, hvorki fyrir mann né hest. En sannarlega hefur aldrei verið skortur á vanræktum hestum á Íslandi.

Þá er ágætt að rifja upp *Íslenska þjóðbætti* séra Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili sem tekur fyrir svipað tímabil og bók Ásgeirs. Hún er skrifuð á fyrri hluta tuttugustu aldar en gefin út árið 1934, að höfundi látnum. Þar rýnir Jónas í sögur og fróðleik tengdan íslenskum húsdýrum og hvað við kemur hestum er hann hvergi smeykur að gagnrýna meðferð Íslendinga á skepnum í gegnum árin og aldirnar. Hann skrifar að í ljósi þess að Íslendingar séu landbúnaðarþjóð sem hefur lifað í nánd við dýrin frá upphafi landnáms mætti halda að vel væri séð um þau, en telur hins vegar minna hafa orðið úr því en búast mætti við. Jónas heldur því fram að íslensk vanræksla á húsdýrum eigi rætur að rekja til norskra hefða um að láta dýrin hafa fyrir sér sjálf úti í náttúrunni og að sá arfur hafi fylgt landnemunum til Íslands óbreyttur, þrátt fyrir harðari veðráttu:

Af því stafaði svo, að tilfinningin fyrir þeim og þjáningum þeirra hélt áfram að vera sljó og dauf, þó að þær þjáðust og þindust af harðviðrum og hungri og dæju úr sulti. Það var eins og þeir fyndu það ekki, að veðurfar hér á landi var harðara og verra viðfangs en í löndunum, sem þeir komu frá, og þurfti því að annast skepnur hér með meiri nákvæmni en þar. Og svo þegar hörðu árin komu, hrundi það niður úr hor og harðrétti, sem þaut upp og fjölgaði á góðærunum.¹⁹

Jónas telur þetta hugsunarleysi hafa versnað með tímanum og segir það aðeins „fyrst nú á hinum síðasta mannsaldri að þetta hefir mikið færst í lag. En eigi þarf þó annað en líta á vetrarmedferð til dæmis á hrossum í sumum sveitum hér á landi og útlit þeirra á vorin til þess að sjá það, að mikið vantar á, að allt sé enn í svo góðu lagi sem vera ætti.“²⁰

Ef vel er að gáð má alltaf finna frávik og í *Horfnunum góðbestum* er eftir-

¹⁹ Jónas Jónasson, *Íslenzkir þjóðbættir*, þriðja útg., Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1961, bls. 147.

²⁰ Jónas Jónasson, *Íslenzkir þjóðbættir*; bls. 147–8.

minnilegur hestur með sögu sem jafnast á við harmsögur bestu dýrasagna-höfunda, á borð við þær sem ræddar verða í þriðja hluta greinarinnar. Líklega skiptir þar máli að sagan kemur úr fjölskyldu Ásgeirs sjálfs og þar af leiðandi má ímynda sér að höfundurinn hafi átt auðveldara með að ná persónulegri tengingu við sögumanninn, föður sinn, sem var þó afar tregur til að segja frá þessum tiltekna hesti. Eflaust áttu fleiri viðmælenda Ásgeirs svipaðar sögur í farteskinu, að eilífu ósagðar, því ef eitthvað er að marka Jón Ásgeirsson, föður Ásgeirs Jónssonar, þá þarf að draga slíkar sögur upp úr fólki óviljugu. Sagan af hestinum Blakki er andstæðan við söguna um Jarp, þótt báðar hefjist á svipuðum nótum með góðum og hlýðnum hesti. Önnur endar með lotningarfullri aftöku, hin með skammarlegu byssuskoti. Önnur lifir í munnmælum sem fagnaðarerindi, hin er bæld niður og falin ofan í skúffu. Sagan af Blakki er ekki sögð með stolti, þvert á móti vildi Jón sem minnst um hann tala, því sorgin var of sterk og virtist ekkert minnka með árunum. „Það var á mjög löngum tíma, sem mér tókst að fiska upp hjá föður mínum það, sem hér framan er skráð,“²¹ útskýrir Ásgeir eftir að hann fékk loksins alla söguna upp úr föður sínum.

Jón eignaðist hestinn fjórtán ára gamall, Blakkur þá sex ára, og „eftir því sem faðir minn sá Blakk oft varð hann ástfangnari af honum“.²² Hann bar sterkar tilfinningar til hestsins og þegar hann fékk að sitja Blakk í fyrsta sinn var eins og ný veröld opnaðist fyrir unglingspiltinum:

Þegar ég gat stöðvað Blakk suður í mounum, fór ég strax af baki. Ég greip utan um hálsinn á hestinum, faðmaði hann að mér og grét af hrifningu og fögnuði. Ég hafði aldrei látið mig dreyma um, að nokkur íslenzkur hestur gæti verið svona ferðmikill. Það tvennt vakti mesta undrun mína, fimin og mýktin í stökkinu, og þegar ég horfði út frá mér á melinn, þá sá ég engan stein með réttri lögun, en grjótið virtist breytast í mjóa, flögrandi teina. Þessi fyrstu kynni okkar Blakks verða mér ógleymanleg.²³

Lýsing Jóns kallast á við aðra góðhesta hvað varðar mannmiðjuhugsun og gildismat dýrsins sem reiðskjóta, en ljóðrænt orðaval varðandi breytta ásýnd umhverfisins gefur til kynna hvornig Jón virðist upplifa sig náinn hestinum, eins og tegundirnar tvær sameinist þarna stundarkorn – að minnsta kosti frá manninum séð – og upplifi heiminn á nýjan hátt. Vera má að lýsingin undir-

²¹ Ásgeir Jónsson, „Horfnir góðhestar“, bls. 19.

²² Sama heimild, bls. 8.

²³ Sama heimild, bls. 10–11.

striki fyrst og fremst hraðann á stökkinu, en tilfinningarík viðbrögð drengsins sýna fram á hversu djúp tengsl myndast á milli tegundanna í þessum fyrsta reiðtúr. Jón stígur af baki breyttur maður og eftir það er líf hans og Blakks tengt órjúfanlegum böndum sem útskýrir langrækna sorgina sem átti eftir að fylgja Jóni alla ævi, þrátt fyrir að samvera þeirra hafi ekki verið nema fjögur ár. Hvað það varðar má heldur ekki gleyma að tilfinningarík lýsingin kemur ekki frá fimmtán ára piltinum, heldur manni á efri árum að rifja upp góðar stundir í skugga harmleiks.

Ásgeir lýsir hestinum í löngu máli, bæði útlitslegum þáttum og hegðun, en vert er að nefna að einnig fylgja óvenjulegar lýsingar sem gefa meiri inn-sýn í persónuleika Blakks en gengur og gerist í álíka frásögnum. Blakkur átti það til dæmis til að eyða löngum stundum niðri við sjó að horfa á vellandi brimið og nýtti hvert tækifæri sem gafst til að hlaupa til fjalla ef að hendi var af honum sleppt utan bæjar: „Það kom nokkrum sinnum fyrir, að hann slapp þannig með reiðtygjum upp í háfjöll og kletta, og urðu oft mikil vandræði að handsama hann aftur.“²⁴ Aðrir höfundar hefðu kannski velt fram spurningum um hugsanagang hestsins sem fylgist með briminu og flýr við fyrsta tækifæri, en Ásgeir gefur slíkum ímyndunarleikjum lítinn gaum og snýr frekar dýrslegri óhlýðninni upp í mannmiðaða jákvæðni með því að benda á hvernig „þessi framúrskarandi flýtir, sem Blakkur hafði umfram flesta hesta, ásamt ýmsum öðrum séreinkennum hans í daglegri umgengni, verður það, sem heldur minningu hans lengst á lofti.“²⁵

Árið 1857 var Blakkur tíu ára og í eigu átján ára Jóns Ásgeirssonar. Þá bað Ásgeir, faðir Jóns, son sinn að lána sér Blakk í ferð vestur á Stykkishólm, því hann þurfti tvo til reiðar, þrátt fyrir að hafa hestinn Brún með sér líka. Faðirinn lofaði að beita Brún meira fyrir heldur en Blakki og eftir tilmæli frá móður sinni gaf Jón undan og lánaði Blakk, þótt hann ætti bággt með það. Ekkert er vitað um reiðferðina annað en að Ásgeir var óvenjusnöggur miðað við langa leið og þegar hann kom heim reið hann á Blakki einum og útskýrði ekki brotthvarf Brúns öðruvísi en með því að hann hafi ekki getað fylgst með svona vitlausum hesti. Ásgeir virðist hafa farið illa með báða hesta, því Blakkur var útkeyrður eftir ferðalagið og náði sér aldrei:

Eftir heimkomuna kom það brátt í ljós, að nú var Blakk brugðið. Hann stóð í sömu sporum með drúpandi höfði og leit ekki við jörð. Nú sinni garpurinn ekki lengur sjávarhljóði eða fjallaferðum.

²⁴ Sama heimild, bls. 13.

²⁵ Sama heimild, bls. 16.

Hann var dauðveikur og lifði við þungar þrautir í fáa daga. Dag einn gerði faðir minn Birni vini sínum í Hlíð orð að finna sig. Þann dag var Blakkur skotinn og gerði faðir minn það sjálfur. Björn hafði með sér sterkan drykk í flösku, sem þeir vinirnir hresstu sig á, meðan þeir heygðu Blakk. Nú var hans stutta æfiskeið á enda runnið.²⁶

Ásgeir Jónsson – sonurinn, rithöfundurinn – leggur áherslu á að faðir sinn hafi syrgt Blakk mjög enda hafi það tekið langan tíma að fá að heyra alla sorgarsöguna. Eftir fráfall Jóns bættist þó nýr bútur við söguna þegar Ásgeir og Guðmundur bróðir hans fóru saman í gegnum pappíra úr fórum föður þeirra og rötuðu þar á blöð í smáarkarbroti. Þau voru nánast eyðilögð og fúin í sundur og þar af leiðandi að mestu ólæsileg, en eitt þeirra bar yfirskriftina „Blakkur“. Eftir nánari athugun komust þeir bræður að því að hér var um að ræða erfiljóð sem faðir þeirra hafði kveðið. Á heildina virðist kvæðið hafa verið átta til tíu erindi að lengd, en sonunum tókst einungis að ráða í þrjú hálf erindi sem Ásgeir birtir í kaflalok:

Nú ertu hniginn í heldreyramóðu, –
hnakkberinn minn, sem að unni ég mest.

Eftirsjá í þér mitt leikfjórið lamar, –
þinn lífssvipur trauðla hvarflar mér frá.

Skrugguhljóð drynjandi úr byssunnar barka –
með blóðdómi heimtaði lífið af þér.²⁷

Rituð í einlægni og einrúmi, falin, geymd og gleymd, standa þessi háflklár-
uðu erindi sér á parti og í hrópandi andstæðu við fögnuðinn í kringum útför
Jarps. Ásgeir bendir á að ljóðlínurnar séu kannski „lítt frambærilegar í þessu
formi“ en þær sýni þó „að nokkru inn í hugarheima föður míns, þegar hann
varð að sjá á bak Blakk.“²⁸ Sorgin leynir sér ekki hjá unga manningum sem
neyddist til að skjóta ástkæran hest sinn vegna misþyrminga föðurins, en
eflaust birtist skömmin jafnframt sem fylgifiskur sorgarinnar – sú vonda til-
finning að hafa brugðist hlutverki verndarans, hins „góða“ eiganda sem ber
að sjá vel um slíkan „góðhest“. Dauði Blakks var þó ekki unga manningum
að kenna, heldur föðurnum sem ofkeyrði hestinn, en hvort samband þeirra

²⁶ Sama heimild, bls. 19.

²⁷ Sama heimild, bls. 20.

²⁸ Sama heimild, sami staður.

feðga sé mögulega annað tilfinningalegt púsl í ráðgátunni um Blakk verður ekki velt vöngum yfir hér.

Það sem máli skiptir er að þrátt fyrir að uppfylla almenn skilyrði góðhestsins þá verður ákveðið rof á milli „góðmennis“ og „góðhests“ í frásögn Ásgeirs. Blakkur hlýtur örlög sem henta ekki góðhestum, heldur frekar ótemjum, og sambandið á milli eiganda og hests brotnar niður í kjölfarið. Skömm kemur í stað lofgjörðar, þögn í stað frásagnargleði. Rofið leiðir til þess að eigandinn, Jón, vill ekki segja frá, enda ekki saga sem vert er að stæra sig af, ólíkt hefðbundnum góðhestasögum. Tregðan sem Jón sýnir ber merki um nístandi tilfinningatengsl sem ljá sambandi eiganda og hests öðruvísi dýpt en finna má í þeim sögum sem snúa mestmegnis að yfirborðslýsingum og „réttri“ hegðun og atferli. Sagan af Blakki veitir innsýn í aðra hlið íslenskra hestasagna, þar sem sögurödd er ekki stoltur eigandi að mæra eign sína (og þar með sjálfan sig), heldur flóknari rödd sem kafar dýpra ofan í samband manns og hests og opnar textann fyrir innra lífi dýrsins samhliða því mennska. Blakkur sker sig úr hópi hinna hefðbundnu góðhesta, enda heitir bók Ásgeirs ekki *Horfnar ótemjur* – þótt það væri vissulega bók sem vert væri að skrifa – en Blakkur á sér baráttufélaga í öðrum hestasögum tímabilsins, því það er skáldskapurinn sem reynist vera skjól íslensku illhestanna.

3. *Horfnir skáldbestar*

Dýravernd var í mikilli uppsveiflu í norður Evrópu á síðari hluta nítjándu aldar og hestar voru ein fyrsta tegundin til að hljóta aukna samúð samfélagsins, enda sýnileg misþyrming á götum úti jafnt í stórborgum og til sveita.²⁹ Nýir straumar í dýrasiðfræði og dýravernd flæddu frá Englandi og til nágrennalandanna og bárust til Íslands í gegnum Danmörku, fyrst og fremst í gegnum tímarit Tryggva Gunnarssonar, *Dýravinninn*, sem vikið verður að nánar innan skamms. Eitt herbragð dýraverndunarsinna á nítjándu öldinni var að gera vanrækslu á dýrum skammarlega og þar lék skáldskapurinn lykilhlutverk. *Fagri Blakkur* frá 1877 eftir Önnu Sewell er líklega frægasta dæmið um slíkan skáldskap, þar sem hestur segir sögu sína og höfundur rekur samband hans við bæði góða og slæma eigendur í gegnum árin. Sewell fjallar af raunsæi um algenga meðferð á hestum á þeim tíma og bókin hafði undir eins

²⁹ Sjá nánar kafla um „Cruelty to horses – seeing and acting“ hjá Hildu Kean, *Animal Rights: Political and Social Change in Britain since 1800*, London: Reaktion Books, 1998, bls. 50–54.

mikil áhrif á umræðuna á Englandi og víðar um líf og líðan hesta sem strit-uðu undir hæl mannfólksins. Í bók sinni um sögu dýraverndar í Bretlandi bendir sagnfræðingurinn Hilda Kean á að bók Sewell hafi „þótt svo raunsæ að RSPCA-samtökin studdu við margar útgáfur hennar og í Bandaríkjunum [...] var eintökum dreift ókeypis til vagnækla og undirtitlinum „Kofi Tómasar frænda fyrir hross“ bætt við útgáfunar.“³⁰

Fyrsta íslenska raunsæisdýrasagan – þ.e. dýrasaga sem skoðar samband manna og dýra á gagnrýninn hátt og í samfélagslegu samhengi – kom út sjö árum á eftir *Fagra Blakki* og einu ári áður en *Dýravínurinn* leit dagsins ljós. „Skjóni“ eftir Gest Pálsson birtist í *Suðra* árið 1884 og markar þar með upphaf skammlífrar gullaldar í íslenskum dýrasagnaskrifum. Gestur hafði áður skrifað dýrasöguna „Svaninn“ sem ungur maður og áður en hann fluttist til Kaupmannahafnar í nám, en „Svanurinn“ og „Skjóni“ gætu varla verið ólíkari hvað varðar framsetningu höfundar á dýrslegum aðalpersónunum. Sú fyrrnefnda er skrifuð með ævintýrlegum blæ sem minnir á sögur H.C. Andersen og tilheyrir greinilega eldri hefð dýrasagna, þar sem dýrin eru lög-uð að aldagamalla táknafræði föflunnar og gerð táknræn fyrir mannfólk á einn eða annan hátt. „Skjóni“, aftur á móti, ber augljós merki þess að vera skrifuð af manni sem hefur kynnst raunsæisstefnunni í Danmörku og snúið heim breyttur penni. Svo vísað sé til fyrri greinar minnar sem birtist í *Ritinu* árið 2016, þá má skilgreina raunsæislega dýrasögu sem „sálfræðilega ævintýra-sögu reista á grunni náttúruvísindanna“, þar sem „vægri manngervingu [er] blandað saman við vott af fantasíu, en engu að síður er dýrafræðileg nálgun ávallt höfð til hliðsjónar og aldrei ráfað of langt frá náttúruvísindunum“.³¹ Ég hef einnig kallað slíkar dýrasögur „náttúruvísindaskáldskap“ en aðalpersónurnar eiga það sameiginlegt að tala ekki mannamál og haga sér eftir vísindalegri eða raunsæislegri þekkingu höfunda um líf þeirra og hegðun. Til einföldunar má segja að í raunsæislegum dýrasögum séu hefðir táknsög-unnar færðar til hliðar og líf dýrsins sett í fyrirrum, en þar að auki fylgir sög-unum gjarnan einhvers konar siðfræðilegt sjónarhorn.³² „Skjóni“ fellur vel að þessari skilgreiningu, enda raunsæissaga sem fjallar á beinskeyttan hátt

³⁰ Sama heimild, bls. 79.

³¹ Gunnar Theodór Eggertsson, „Raunsæisdýr og náttúruvísindaskáldskapur: Dýra-sagan í eftirmálum darwinismans“, *Ritid* 1/2016, bls. 135–165, bls. 135.

³² Nánari lýsingu á raunsæislegu dýrasögunni sem bókmenntahefð má finna í grein minni „Raunsæisdýr og náttúruvísindaskáldskapur“, en þar eru m.a. sögurnar „Skjóni“ og „Heimþrá“ færðar í alþjóðlegt fræðilegt samhengi og greindar út frá dýrafræðum (e. *animal studies*).

um samtímamál höfundar – líf hests í mannheimum – og beinir athyglinni ekki aðeins að ferfættum lítilmögnum samfélagsins, heldur afbyggir listilega samband eiganda og hests með því að skoða hvernig það er byggt upp með lími stöðutáknins og hvernig það síðan hrynur óumflýjanlega til grunna. Með öðrum orðum er „Skjóni“ saga um góðhest sem verður að illhesti, eða einfaldlega saga um hest sem er fyrst og fremst hestur þrátt fyrir allar þær brennimerkingar og skilgreiningar sem samfélagið þröngvar upp á hann.

Ólíkt öðrum dýrasögum tímabilsins lætur Gestur sér ekki nægja að segja bara sögu af slæmum eiganda sem fer illa með hestinn sinn, heldur gerir umbreytingu eigandans að kjarna sögunnar og leyfir okkur að upplifa hvernig góður eigandi verður slæmur. Nóg er til af keimlíkum sögum þar sem eigendur eru annað hvort góðir eða vondir, og fylgja þar með þeirri uppbyggingu sem Sewell gerði vinsæla, því Fagri Blakkur kynnist jú bæði góðum og slæmum eigendum, en aldrei í einum og sama manningum. Sagan af Skjóna er samtímis saga af Jóni hreppstjóra, eiganda hans, og saga af ímyndinni sem verður til af þeim báðum gagnvart samfélaginu. Líf Skjóna er samofið orðstír Jóns og þótt hesturinn sjálfur breytist ekki, þá er það stöðutákníð sem honum fylgir sem ræður ferð og leiðir að lokum til sorglegra endaloka.

Skjóni er ekki ólíkur Rútsstaða-Jarpi, því „hann var efalaust bezt hesturinn í sýslunni og þó víðar væri leitað“.³³ Jón á Brú fer allra ferða sinna á hestinum og er líka alltaf á ferðinni, enda langumsvifamesti hreppstjórinn í langstærsta hreppnum í sýslunni. Snemma í sögunni er gefið í skyn hversu mjög hann nýtur þess að láta sjá til sín á Skjóna og hversu mikla áherslu hann leggur á að sitja tígulega. Að sama skapi er snemma minnst á gárungana í sveitinni, sem munu skjóta upp kollinum reglulega í sögunni til að gera grín að Jóni eftir því sem orðstír hans breytist með árunum og álit hans á Skjóna samfara því. Í fyrstu fer ekki á milli mála að Jóni þykir vænt um Skjóna og vill allt fyrir hann gera, en „það var líka von, því auk þess sem Skjóni tók öllum hestum þar í grennd fram að flýti, þá var hann hesta fallegastur“.³⁴ Væntumþykja Jóns er færð í beint sambengi við dugnað og útlit Skjóna, enda mun sú ást hverfa eftir því sem Skjóni eldist. Að útlitslýsingu lokinni kemur stutt umfjöllun um persónuleika Skjóna, aðallega hvernig hann gerir sér mannamun og leyfir ekki hverjum sem er að láta vel að sér, en einnig er útskýrt hversu vel hesturinn lærir á eiganda sinn, einkum þegar hann situr drukkinn á baki og Skjóni þarf að passa upp á að hann komist heill heim að bæ.

Það er einmitt drykkfeldni Jóns sem veldur straumhvärfum í sambandi

³³ Gestur Pálsson, „Skjóni“, *Suðri* 12/1884, bls. 48–50, hér bls. 48.

³⁴ Sama heimild, sami staður.

hans og Skjóna, því eitt kvöld snýr hann heim seint um nótt, gangandi og holdvotur, og segir Skjóna hafa bjargað lífi sínu. Skjóni finnst örmagna á árbakkanum, en þó lifandi, og þótt hreppstjórinn hafi verið orðinn hress eftir hálfan mánuð þá „náði Skjóni sér aldrei eftir þetta“.³⁵ Gestur er afar sparsamur á lýsingar á innra lífi hestsins og skrifar slíkt ávallt úr ákveðinni fjarlægð innan textans. Hann útskýrir til að mynda ekki nánar hvernig eða hvers vegna Skjóni nær sér ekki, en á móti kemur löng lýsing á því hvernig stöðutákn Skjóna tekur breytingum eftir því sem árin líða og þeir félagar fara báðir að eldast. Jón hlýtur dannebrogss-krossinn fyrir starf sitt sem hreppstjóri og er afar stoltur, en hégómagirni hans stuðar gárungana í sveitinni sem segja að Skjóni hefði rétt eins átt krossinn skilið og fara að kalla hann „Dannebrogss-Skjóna“. Þetta fer fyrir brjóstið á Jóni og gerir að verkum að honum finnst Skjóni kasta skugga á virðingu sína. Eftir þetta verður sambandi þeirra tveggja ekki viðbjargandi. Jón gerir vonlausa tilraun til að halda í fyrrum orðstír Skjóna – og sinn eigin í leiðinni – með því að neyða hestinn í kapp við annan yngri gæðing sem fer auðvitað á versta veg: Skjóni dettur og Jón flýgur á höfuðið frammi fyrir allri sveitinni. Eftir það afneitar hann dýrinu endanlega, lokar Skjóna úti í skúr, gerir hann að vinnuhesti í ellinni og lætur hann veslast upp af vanrækslu. Þá færir Gestur sjónarhornið yfir til hestsins – án þess þó að manngera hann um of – og ímyndar sér nóturleg hinstu misserin í útleigðinni. Jón mætir aftur í sögulok og veitir Skjóna gamla kærkomna hlýju, en til þess eins að afvegaleiða hestinn svo aftökumaðurinn nái góðu skoti: „En svo reið kúlan af og Skjóni féll.“³⁶

„Skjóni“ er marglaga saga sem tekur á mörgum þáttum sambands manna og dýra, en í samhengi góðhestsins er mikilvægt að benda á hvernig Gestur gerir stöðutáknið að lykilþræði út í gegn. Með því að blanda saman sjónarhorni Jóns og Skjóna upplifir lesandinn hestinn bæði sem meira en bara hest – sem tákn með öllu tilheyrandi – og sem einfaldlega „bara hest“, dýrið á bak við táknið sem breytist ekki í gegnum söguna og fær ekki að eldast í friði, því farg táknafræðinnar ber líkama hans ofurliði. „Skjóni var enginn maður,“ minnir sögumaðurinn okkur á, „því síður hreppstjóri. Hann gat hvorki eptir guðs eða manna lögum heimtað virðingu fyrir sinni elli.“³⁷ Þótt sjónarhornið sé mestmegnis Jóns megin – fyrir utan lokasprettinn – þá stráir Gestur setningum hér og þar og með reglulegu millibili sem minna á að á bak við alla sýndarmennskuna leynist raunverulegur hestur sem lifir sínu

³⁵ Sama heimild, bls. 49.

³⁶ Sama heimild, bls. 50.

³⁷ Sama heimild, bls. 49.

eigin lífi. Það líf mótast auðvitað af væntingum eigandans og samfélagsins, þótt hesturinn geri sér ekki endilega grein fyrir því, en lesandinn opnar hugann fyrir báðum sjónarhornum samtímis og skynjar um leið óréttlætið sem fylgir því að skilgreina og meta líf dýrs út frá mannlegu gildismati án þess að hugleiða samtímis sjónarmið dýrsins. Jón er góðmenni sem breytist í illmenni. En er Skjóni góðhestur sem breytist í illhest? Með því að afbyggja samband eiganda og hests út frá stöðutákni dýrsins minnir Gestur okkur á að á bak við táknfræðina lifði og hrærðist raunverulegur hestur sem hlaut ósanngjarna meðferð vegna þess að hann uppfyllti ekki réttu kröfurnar.

Rifjum því næst upp annað merkilegt hross íslenskrar bókmenntasögu sem hefði líklega seint hlotið pláss í safnríti Ásgeirs væri hún raunveruleg. Hryssan Stjarna er aðalpersónan í „Heimþrá“ Þorgils gjallanda frá 1909, öðrum burðarstólpa íslenskra dýrasagna. Þar beitir Þorgils einkennandi stílbrögðum hinnar raunsæislegu dýrasögu til að túlka og tjá innra líf hryssunnar með hóflegri manngervingu og vel völdum lýsingarorðum, en með hliðsjón af mannmiðjunni er það umgjörð sögunnar sem vert er að skoða nánar. Fyrir utan formála sem lýsir kveikju sögunnar í huga höfundar – þegar Þorgils fann yfirgefin hestabein í óbyggðum – þá er sagan tvískipt, þótt söguhetjan sé sú sama út í gegn. Fyrri hlutinn snýr að hryssunni Stjörnu út frá mannmiðudu sjónarhorni á meðan sá síðari opnar textann fyrir innra lífi og hugsunum hennar. Í þeim fyrri kynnumst við bónda sem kaupir hryssuna, þrátt fyrir að hún sé ótamin og sögð allra kvikasta hrossið „og óróast, það var auðséð strokið í því“.³⁸ En á móti kemur að allir virðast sammála um að hún sé fallegasta hrossið, „fölráða hryssan glófexta, með stjörnuna á enninu“,³⁹ og Stjarna er keypt þrátt fyrir að bónda gruni hana um að verða strokgjarna. Hún er hröð og kappsöm, en óstýrilát, berst við aðra hesta og var „bæði mjúkleikinn og harðvíg“.⁴⁰ Bóndi telur sig geta tamið hana, leggur hart að henni einn daginn og skilur hana eftir lausa með hinum hestunum yfir nóttina, því hann telur hana svo þvælda og svanga að hún hljóti að verða fegin hvíldinni. Næsta morgun er Stjarna horfin „og síðan hefur aldrei til hennar spurst“.⁴¹

Með því lýkur fyrri hluta og skörp skil verða á stíl sögunnar. Hingað til hefur sjónarhornið legið utan við Stjörnu og henni lýst óbeint í gegnum

³⁸ Þorgils gjallandi, „Heimþrá“, *Dýrasögur I*, Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Ey-mundssonar, 1910, bls. 90–99, hér bls. 91.

³⁹ Sama heimild, bls. 91.

⁴⁰ Sama heimild, bls. 93.

⁴¹ Sama heimild, bls. 94.

mennina sem eigna sér hana. Persónulýsingar eru yfirborðslegar eða tengdar þjónustuhlutverki hennar sem reiðskjóta og þegar bændurnir ræða kaupin sín á milli er Stjarna hlutgerð eins og hver önnur söluvara. Sérstaka athygli vekur hversu fljótt þeir afgreiða að hún hafi eignast folald, en það ber aðeins á góma til að útskýra hvers vegna hún sé grennsluleg að sjá: „Þetta er fylsuga,“ útskýrir sölumaðurinn, „hún kastaði um sumarmálin; það var vanið undir aðra hrissu þegar ég loksins náði að festa kaup á henni.“⁴² Folaldið sem mun reynast þungamiðja sögunnar í síðari hluta hefur lítið sem ekkert gildi hjá mannfólkinu og engin sögupersóna gerir tilraun til að skilja eða ráða í strokfýsni Stjörnu, heldur er sá skapgerðargalli einfaldlega talinn eiga að venjast af henni. Hér með lýkur sögu hryssunnar í mannheimum, en í síðari hlutanum færast sjónarhornið yfir til Stjörnu og skáldið tekur við tauminum.

Síðustu kaflar sögunnar lýsa örvæntingu hryssunnar sem er strokgjörn vegna þess að hún var neydd til að skilja við foldaldið sitt á gamla bænum. „Heimþráin bar hana fljótt yfir; strokið beggja skauta byr [...] og fallega folaldið horfna“,⁴³ skrifar Þorgils og fylgir hryssunni eftir á örvæntingarfullu ferðalagi sem endar á versta veg, því Stjarna ratar ekki heim og lætur lífið ein í óbyggðum í sögulok. Þessi sérstæða og tvöfalda uppbygging Þorgils er bæði róttæk og listilega snjöll. Tvöfalt sjónarhornið dregur fram ólíkar útgáfur af hrossinu, ekki ósvipað stílbrögðum Gestis í „Skjóna“, en Þorgils gengur skrefinu lengra með því að leggja skörp skil á milli sjónarhorna (á meðan Gestur tvinnaði þeim frekar saman) og í raun búa til tvær sögur úr einni. Sjónarhorn skiptir öllu máli í dýrasögum og þótt aldrei sé hægt að komast beina leið inn í hugarheim dýrsins, þá eru ótal litbrigði til á milli hreinnar mannmiðju og hreinnar manngervingar – og allra bestu dýrasögurnar eiga sér stað á óræðu svæði einhvers staðar mitt á milli.

„Heimþrá“ kynnir lesendur fyrir tveimur hryssum. Önnur er ótemja sem neitar að aðlagast nýjum eigendum, þar sem gildi Stjörnu er metið út frá mannmiðju, notagildi hennar og aðlögunargetu að væntingum bændasamfélagsins. Hin hryssan hefur sjálfstætt gildi sem einstaklingur og sögupersóna, öðlast merkingu í textanum vegna hugsana sinna, söknuðar, umhyggju og tilraunum til að bæta sín bágu kjör. Hún er hvorki góðhestur né illhestur, eða öllu heldur er hún bæði: hún er bæði fallegasta hryssan og sú óstýri-látasta, sú besta og sú versta. En gildi hennar sem sögupersónu fæst ekki af svo einföldum lestraraðferðum, því Stjarna verður mun flóknari dýrasagna-

⁴² Sama heimild, bls. 92.

⁴³ Sama heimild, bls. 94.

persóna þegar Þorgils býður okkur að ímynda okkur hvað strokuhestur kynni að hugsa á flóttu yfir hálendið, því eitthvað hlýtur hesturinn að hafa hugsað. Á endanum er Stjarna dýr með tilfinningar sem fylgir sínum eigin væntingum og þrám en fer villur vegar og örlög hennar eru harmræn vegna þess að lesendur sýna henni samkennd eins og um hefðbundna (menska) sögupersónu væri að ræða, þótt þessi tiltekna hetja sé einnig með hófa og fax. Einhvers staðar á bak við textann má svo finna raunverulegan hest sem lét lífið úti í óbyggðum og ekkert er vitað um, annað en að hvorki hlaut hann glæsta útför né erfidrykkju.

4. *Hestavinurinn*

Atvikssögur *Horfanna góðbesta* eiga rætur að rekja, að minnsta kosti á skriflegu formi, til tímaritsins *Dýravímarins* í ritstjórn Tryggva Gunnarssonar, sem kom út á árunum 1885-1916, en þar birtust einnig fjölmargar innsendar sögur um góðhesta af ýmsu tagi. Nægir að nefna fyrsta ævisöguágrípið sem birtist í þriðja tölublaðinu (1889), enda setur það tóninn fyrir ótal svipaðar sögur sem áttu eftir að prýða síður tímaritsins næstu áratugi og síðar meir bergmála í gegnum bók Ásgeirs. Jón Þórarinsson skrifar þar líflega um hestinn Jarp, bæði hvað varðar útlit og sem hefðbundinn reiðhest, en telur einnig upp alls kyns óvenjulega hegðun sem hesturinn sýndi og dregur fram fjölbreytilega mynd af persónuleika hestsins. Athygli vekur að Jón finnur sig knúinn til að verja þá ákvörðun að lýsa hestinum líkamlega, segir það óvanalegan sið en útskýrir að „eigi sýnist síður við að eiga að gefa hugmynd um líkams-skapnað fyrirtaks-skepna en fyrirtaks-manna; útlit hesta er fult eins mismunandi og útlit manna, og ekki er minni fegurð í velköpuðum hestskrokk en mannlíkama.“⁴⁴

Af persónueinkennum Jarps ber helst að nefna ákefð hans og keppnis-skap í samfloti sínu við aðra hesta; vináttu hans við féлага sinn í hesthúsinu, sem hann hjálpaði iðulega með því að rétta heytuggu undir slána sem var á milli þeirra, þegar hinn náði ekki í heyið; og að endingu undarlegt ástfóstur Jarps á efri árum við stóðhryssu, en eftir miklar vangaveltur fólksins á bænum kom loksins í ljós að hann hékk utan í henni til að sjúga á henni spena þegar enginn sá til. Sú hegðun er ekki aðeins óvenjuleg og áhugaverð, heldur gefur til kynna ákveðna sjálfsmeðvitund gagnvart mannfólkinu, eins og Jón bendir á: „en undir eins og hann varð var við okkur, spratt hann upp

⁴⁴ Jón Þórarinsson, „Jarpur“, *Dýravímurinn* 3/1889, Kaupmannahöfn: Hið íslenska þjóðvinafélag, bls. 22–24, hér bls. 22.

og hljóp burt, mjög svo sneypur; hann skammaðist sín auðsjáanlega fyrir tiltækið, enda saug hann aldrei, ef hann hélt að nokkur maður sæi til sín; það er víst, að hann hafði meðvitund um að þetta væri ekki frjálst.⁴⁵ Ástæðan fyrir þessu undarlega athæfi virðist einföld: Jarpur hafði ávallt verið alinn á mjólk og þótti því sopinn góður.

Slík æviágrip og atvikssögur eru meira en bara skemmtilestur eða hlýleg minning um horfna félaga. Þær þjóna ákveðnum hugmyndafræðilegum tilgangi, að minnsta kosti á síðum *Dýravinarins*. Augljóst var frá fyrsta tölublaði að *Dýravínurinn* átti að breyta skynjun landans á húsdýrum, efna til dýraverndunar og betri meðferðar með uppfræðslu og umræðu, en það var þó ekki fyrir en í fjórtánda hefti (1911) að Tryggvi nefnir taktíkina að baki dýrasögunum beinum orðum, í greininni „Hafa dýrin vit?“ Þar hefur hann mál sitt með vísunum í nýjar rannsóknir utan úr heimi á eðli dýra, en er snöggur að benda á að ekki þurfi að „fara til útlanda, til þess að sjá, að það er rangt, að kalla sum dýr „skynlausar skepnur“. Ýmsar sögur í *Dýravínum* undanfarin ár hafa sýnt það, að skepnur hér á landi hafa bæði *skilning* og *minni*.⁴⁶ Því næst telur hann upp hin og þessi dæmi því til sönnunar, sögur sem sýna fram á vit, skilning, hyggindi, dómgreind, ályktanir og síðast en ekki síst tilfinninganæmi og kærleik hjá dýrunum. Hann játar svo að sem ritstjóri hafi hann ávallt leitast við að taka inn sögur sem sýna að dýrin hafi vit, einmitt í von um að umbylta hugmyndum almennings um innra líf dýra og hvetja þannig til breyttrar hugsunar:

[...] því ég hefi álitíð, að þegar menn alment séu orðnir sannfærðir um að dýrin hafi til að bera vitsmuni og skynbærar hugsanir, ásamt jafn viðkvæmri tilfinningu og mennirnir fyrir sársauka og illri meðferð, þá muni meðferðin á þeim, frá mannanna hálfu, stórum batna. En þó einkum þá, þegar mennirnir fara að virða dýrin og kannast við það, að þau séu ekki réttlaus gegn eigendunum, heldur að þeim sé skilt að borga skepnunum vinnu þeirra með velvild og góðu atlæti, en ekki með höggum og hordauða.⁴⁷

Merkilegt er að hugsa til þess að fyrstu árin gekk ekkert hjá Tryggva að fá sögur inn í blaðið og því þurfti hann að reiða sig mestmegnis á þýðingar úr dýravínum danska. Fyrsta tölublaðið er alfarið þýtt úr dönsku af

⁴⁵ Jón Þórarinsson, „Jarpur“, bls. 23.

⁴⁶ Tryggvi Gunnarsson, „Hafa dýrin vit?“, *Dýravínurinn* 14/1911, Reykjavík: Hið íslenska þjóðvinafélag, bls. 70–72, hér bls. 70.

⁴⁷ Sama heimild, bls. 72.

Páli Briem, fyrir utan nokkrar hugleiðingagreinar eftir Tryggva, og í inngangi annars heftis (1887) þakkar ritstjórinn góðar viðtökur landsmanna, en harmar viðtökur þeirra ritfæru manna sem hann bað að senda sér sögur af merkjum viðburðum um íslensk dýr, „en annaðhvort hafa þeir gleymt því, eða eigi þótt málefnið þess vert“.⁴⁸ Með hverju blaði fjölgaði þó sögunum og sýnileiki þeirra ýtti undir að sífellt fleiri skrifuðu inn. Tíu árum frá stofnun tímaritsins, árið 1895 (sama ár og Rútsstaða-Jarpur var lagður til grafar), segist Tryggvi hafa fengið svo margar sögur að meira en þriðjungur þeirra komst ekki inn í heftið og telur hann það gleðilegan vott um vaknandi áhuga landans á málefninu.⁴⁹ „Því fleiri sögur, sem ég les í *Dýravininum*,“ skrifar Jón Loftsson í blaðið 1907, „af merkilega frábærum hestum og dýrum yfir höfuð, því sjálfsagðara finst mér að setja Stóra Rauð minn á bekk með þeim.“⁵⁰ Undir það síðasta hefur blaðið lengst um margar síður frá því sem var í upphafi, enda augljóst að *Dýravinurinn* hafði snert taug hjá ritfæru fólki um land allt. Árið 1914 er Tryggvi ekki viss hvort hann verði ritstjóri áfram vegna innanbúðarbreytinga hjá Þjóðvinafélaginu og það árið prentaði hann síðari hluta heftisins með smáu letri til að koma öllum þeim góðu sögum að sem honum höfðu borist það árið.⁵¹

Ef markmið ritstjórans var að hafa bein áhrif á samfélagið með því að birta sögur um dýr, þá virðist það hafa gengið upp, því árið 1916 var fyrsta dýraverndunarfélagið stofnað fyrir landið allt. Tryggvi lést árið eftir og í síðasta inngangi sínum lýsti hann yfir mikilli gleði vegna þeirra tíðinda. Þegar titið er yfir árganga *Dýravinarins* frá 1885-1916 og þær mörgu sögur, raunsannar jafnt sem skáldaðar, sem birtust þar í gegnum árin er auðséð að margar eru þær keimlíkar, enda fjalla þær flestar um svipuð efni – áhugaverðar atvikk sögur sem sýna fram á eitthvað í fari dýra sem virkar kunnuglega á mannfólkið, það er sögur sem sýna fram á ákveðin undarleg vensl tegunda á milli, hvað varðar sameiginlega þætti á borð við rökhugsun og tilfinningar. Slíkar sögur hrófla við vanafestunni og ögra hugmyndinni um skynlausu skepnuna með því að benda á eitthvað óvenjulegt í fari hennar og einar og

⁴⁸ Tryggvi Gunnarsson, „Formáli“, *Dýravinurinn* 2/1887, Kaupmannahöfn: Hið íslenska þjóðvinafélag, blaðsíðutal vantar.

⁴⁹ Tryggvi Gunnarsson, „Formáli“, *Dýravinurinn* 6/1895, Reykjavík: Hið íslenska þjóðvinafélag, blaðsíðutal vantar.

⁵⁰ Jón Loftsson, „Stóri Rauður“, *Dýravinurinn* 12/1907, Reykjavík: Hið íslenska þjóðvinafélag, bls. 51–53, hér bls. 51.

⁵¹ Tryggvi Gunnarsson, „Eftirmáli“, *Dýravinurinn* 14/1911, Reykjavík: Hið íslenska þjóðvinafélag, blaðsíðutal vantar.

sér hljóma þær eins og sögur af frávikum, af dýrum sem skera sig úr hópnum af einhverri ástæðu og teljast því verðugt frásagnarefni. Einar og sér geta sögunnar því verið kraftlitlar og jafnvel unnið gegn markmiði Tryggva, það er ef hegðunin er skilin eða útskýrð einmitt sem óvenjuleg eða einsdæmi. Róttækt framlag Tryggva sem ritstjóra var nefnilega að skapa vettvang þar sem hægt var að sjá slíkar sögur sem eina heild og skilja að atvikssögur um áhugaverð dýr eru ekki óvenjuleg afbrigði við almenna hegðun dýra, heldur þvert á móti normið.

Samfélagið á til að vera blint á persónuleika dýra, einkum og sér í lagi þeirra dýra sem eru ekki tekin alvarlega sem sjálfstæðar verur eða ekki talin nógu áhugaverð til að hljóta tillit mannfólksins. Dýrin verða að „koma á óvart“ á einn eða annan hátt til að brjóta upp vanafestuna, sérstaklega þegar um ræðir húsdýr sem eru fyrst og fremst skilgreind út frá þjónustuhlutverkum. Þá þarf á ótemjunni að halda og helst nógu mörgum svo hægt sé að skilja að óstýrilætið er enginn galli, heldur eðlilegur hluti af lífum dýra og manna. Þótt hestasögur séu í meirihluta á síðum *Dýravinarins* eru auðvitað fleiri húsdýr sem „koma á óvart“ í íslenskum atvikssögum, þó í mun minna mæli heldur en hesturinn, svo sem fuglar, hundar, kindur, kýr og meira að segja einstaka fiskur. Öll eiga þau sameiginlegt að vera almennt skilgreind út frá mannmiðjunni og þá er lítið pláss fyrir dýpt og flækjur. En óstýrilátu dýrin árétta að húsdýr eru ekki einsleit heild, heldur hugsandi verur með flóknar tilfinningar, hvert og eitt fyrir sig, og hvert og eitt hefur fulla burði til að vera persóna í sinni eigin sögu. Ekki ósvipað og hjá dýraverndunarsinum nítjándu aldarinnar varð hesturinn fyrir valinu sem meginefni í þessa grein vegna þess að auðveldara er að ræða þarfasta þjóninn heldur en að ögra hugmyndum um persónuleika alifugla, grísa, lamba eða kúa, þótt mikil þörf sé að endurhugsa og rýna í hugmyndir og hefðir tengdar öllum tegundum húsdýra.

En með því að einblína á hestinn er einnig hægt að endurspegla sama tegundahallann og er til staðar í *Dýravininum* og íslenskum dýrasögum almennt, því mun minna er til af frásögnum um aðrar tegundir. Sumt er auðskiljanlegt, svo sem eiga svín og kjúklingar sér mun styttri ræktunarsögu hér á landi og þar af leiðandi færri sögur, en erfiðara er að henda reiður á þögninni í kringum önnur dýr. Sauðkindin á sínar sögur og þá sérstaklega forystuféð, og kindur hafa hlotið ákveðna uppreisn æru á síðustu misserum, aðallega með endurútgáfu bókaútgáfunnar Sæmundar á *Forystufé* (1953/2016) eftir Ásgeir Jónsson frá Gottorp og sagnakveri sömu útgáfu um *Kindasögur* frá 2019, en annars hafa kindur almennt þótt ómerkilegra

söguefni en hestar og hundar. Þetta viðhorf endurspeglast í náttúruvísindunum, þar sem finna má það sem dýrafræðingurinn Thelma Rowell hefur kallað „stigveldishneyksli“ (e. *a hierarchical scandal*) innan vísindaheimsins.⁵² Þetta hneyksli snýr að forgangsröðun á tegundum og hversu miklum tíma og fyrirhöfn vísindafólk hefur eytt í að skoða ákveðnar tegundir – á borð við aðrar apategundir – á meðan aðrar hafa verið svo gott sem hundsáðar. „Við höfum veitt þrímötum endalaust tillit,“ útskýrir Rowell, „á meðan við vitum lítið sem ekkert um önnur dýr.“⁵³

Rowell er einn merkilegasti fremdardýrafræðingur tuttugustu aldarinnar. Hún hlaut frægð fyrir athuganir sínar á bavíönunum í Úganda á sjöunda áratugnum og hélt áfram að skoða prímata og kenna fremdardýrafræði þangað til seint á níunda áratugnum, þegar hún söðlaði um með meiru og kvaddi prímata til að rannsaka kindur. Hún nálgast efnið á öðruvísi hátt en áður hafði verið gert, því sem húsdýr hafa kindur aðeins verið rannsakaðar út frá búfræði og þar með út frá ákveðnum ræktunarsjónarmiðum, en Rowell tók með sér tólin úr sínum prímatastúdíum og skoðaði samfélagsskipan kinda sem hópdýrategundar, af sömu virðingu og sama áhuga og ef um apategund væri að ræða. Franski heimspekingurinn Vinciane Despret hefur skrifað um vinnu Rowell og í viðtali sem hún birtir í greininni „Kindur hafa skoðanir“ (e. „Sheep Do Have Opinions“) útskýrir apafræðingurinn að ósannngjarnt sé að halda því fram að dýr búi ekki yfir svipuðu gáfnafori eða félagsfærni og prímatar einfaldlega vegna þess að þau hafa ekki verið rannsökuð að sama skapi. Hún segir kindur vera sérstaklega gott dæmi um stigveldishneykslið vegna menningarlegra fordóma sem gera ráð fyrir að þær séu „heimsk dýr sem viti ekki neitt“.⁵⁴ Slík viðhorf hafa kynt undir staðfestu Rowell gagnvart kindunum í gegnum árin, enda hafa rannsóknir hennar umbylt hefðbundnum hugmyndum um líf kinda.

Stór hluti rannsóknanna hefur snúist um að ögra ákveðnum viðhorfum og hugmyndum sem hún telur á misskilningi byggð og sérstaklega hefur hún þurft að skoða og skilja áhrif menningarinnar á vísindalega hugsun og aðferðafræði. Úr því að samfélagið telur kindur óæðri og ómerkilegar, þá endurspeglast sú hugsun hjá vísindamönnum sem sýna kindum ekki áhuga eða telja líf þeirra auðútskýranlegt. Rowell hefur gagnrýnt hugmyndir um

⁵² Vinciane Despret, „Sheep Do Have Opinions“, *Making Things Public. Atmospheres of Democracy*, ritstj. Bruno Latour and Peter Weibel, Cambridge (US): M.I.T. Press, 2006, bls. 360–370. Vefútgáfa (síðast skoðuð 20.02.2020): <http://www.vincianedespret.be/2010/04/sheep-do-have-opinions/>.

⁵³ Vinciane Despret, „Sheep Do Have Opinions“.

⁵⁴ Vinciane Despret, „Sheep Do Have Opinions“.

valdaskipan innan fjárhópa og bent á að lykilrannsóknir á kindum hafi einungis verið gerðar um fengitímamann, en félagsmynstrið breytist mjög aðra mánuði ársins. Hún hefur einnig gagnrýnt alhæfingar um tilfinningatengsl á milli kinda og tilraunir þar sem ókunnugar kindur voru notaðar til rannsókna, en ekki kindur sem ólust upp í sama hópi. Rannsóknir Rowell snúast að miklu leyti um að finna nýjar leiðir til að skoða og fylgjast með kindum, aðferðir sem standa utan við hefðbundna búfræði, til að kynnast dýrunum á svipaðan hátt og apafraeðingar hafa kynnst sínum apahópum. Flækjurnar eru æði margar, ekki síst vegna þess að um er að ræða húsdýr sem hafa mátt þola stýrða ræktun, en það hefur mótandi áhrif á líf og samfélag dýra og framkallar hegðun og atferli sem ekki má finna hjá primötunum. Stór hluti vinnu Rowell snýst um að skoða kindur þegar mannfólk er fjarri og bera kennsl á allt hið dulda sem á sér stað í lífi kinda. Einnig þarf hún að glíma við eyður sem verða til vegna ræktunar, svo sem hversu lítið er vitað um hrúta, því fæstir þeirra fá að njóta langlífis. Stýrð ræktun hefur líka haft þau áhrif að kindur verði „kindarlegri“ í hegðun, einmitt vegna þess að snjallar kindur eru almennt séð ekki vel liðnar og ekki er ýtt undir að fjölga þeim, því þær eru þær óstýrilátu, illkindurnar sem munu finna gatið á girðingunni og valda vandræðum⁵⁵ – en það eru auðvitað rollurnar sem fá um sig skrifaðar dýrasögur, sbr. sögurnar um „Útigangsfé í Tálkna“, „Villiféð í Núpsstaðarskógum“ og „Fræknar flökkukindur“ í *Kindasögum*, allt sögur um dýr sem virðast skera sig úr hópi „venjulegra“ kinda.

Vinna Rowell er heillandi og mikilvæg og hún bendir á þá mörgu van-kanta sem myndast þegar mannmiðja er látin stýra för í sambandi okkar við aðrar tegundir. Stigveldishneykslið hennar lýsir að miklu leyti vandamálinu sem umlykur alla umræðu um húsdýr, hvort sem það varðar bókmenntir, náttúruvísindi eða siðfræði, því sjónarmið mannmiðjunnar hefur bjagað skynjun okkar á dýrunum og skapað ákveðna forgangsröð hvað varðar áhuga okkar á og tillit okkar gagnvart sumum tegundum. Skiljanlega flækjast málin enn meir þegar um er að ræða ræktunardýr sem birtast samfélaginu fyrst og fremst sem neysluvörur. Despret hefur notað Rowell í sínum skrifum meðal annars til að færa rök fyrir staðhæfingu sinni um að þegar dýr séu álitin áhugaverð sé það pólitískt afrek fyrir dýrin.⁵⁶ Brautryðjendavinna apa-

⁵⁵ Vinciane Despret, „Sheep Do Have Opinions“.

⁵⁶ Vinciane Despret, „Experimenting with Politics and Happiness – through Sheep, Cows and Pigs“, erindi á ráðstefnunni *Unruly Creatures 1: The Art and Politics of the Animal*, 14. júní 2011 hjá London Natural History Museum, London: Kingston University, 2011. Upptaka af vef (síðast skoðuð 20.02.2020): <https://backdoor-broadcasting.net/2011/06/vinciane-despret-experimenting-with-politics-and-hap>

fræðinga á borð við Jane Goodall og Diane Fossey vakti athygli og kveikti áhuga almennings og vísindamanna á lífi annarra primata, með því að draga fram persónuleika þeirra, einstaklingseðli, félagsskipan, tilfinninga- og vitsmunalíf. Rowell hefur einsett sér að gera slíkt hið sama fyrir kindur. Áhugi mannfólks getur leitt til aukins tillits og viðurkenningar og að gera dýr áhugaverð felur í sér andóf gegn skeytingarleysinu sem umlykur margar dýrategundir og sérstaklega húsdýrin. Að vekja áhuga á dýrum verður pólitískt markmið í sjálfu sér, rétt eins og Tryggvi Gunnarsson gerði sér fyllilega grein fyrir hundrað árum áður.

Með bæði Rowell og Despret að leiðarljósi verður spurningin um dýra-sögurnar bæði flóknari og mikilvægari, því frásagnarlistin er ávallt gildis-hlaðin þegar rætt er um aðrar dýrategundir. Hvers vegna verða sum dýr að sögupersónum en önnur ekki? Ef að áhugi mannfólks telst afrek fyrir dýr, hvað þarf þá til að vekja áhuga og forvitni mannfólksins og „upphefja“ dýrið á þeim forsendum? Tryggvi notaði sögur sem hugmyndafræðilegt tól til að berjast fyrir hönd dýra almennt en engu að síður er ákveðið stigveldi til staðar hvað varðar þær sögur sem sagðar voru. Ólíklegt er að ritstjórnarleg ákvörðun hafi ráðið því að fleiri hestar og hundar birtust á síðum tímaritsins heldur en kindur og kýr, því væntanlega hafa það verið sögurnar sem Tryggva bárust að langmestum meirihluta. Til að skilja þögnina í kringum önnur dýr þarf að líta til annarra samfélagslegra þátta á tímabilinu og skoða hvaða sögur litu dagsins ljós og hverjar ekki.

5. *Karlar og kýr*

Í næstsíðasta tölublaði *Dýravinarins* birtist merkilegt bréf frá reglulegum penna, Böðvari Magnússyni, til stuðnings íslenskra reiðkvenna. Böðvar játar að hann „minnist ekki að *Dýravínurinn* hafi nokkurn tíma sýnt mynd af dýraverndunarkonum“⁵⁷ og ákveður að bæta úr því með því að benda á að minni hluti sveitakvenna eigi yfir sérstökum reiðhesti að ráða, en þó séu þær til, og ein af þeim er Jóhanna Magnúsdóttir á Kárastöðum í Þingvallasveit:

Fáum reiðhestum hygg ég líði betur, en þeim sem konur eiga sjálfar, enda er það ómælt sem þær miðla þeim úr búri sínu. Jóhanna hefur alltaf átt sérstakan reiðhest, séð um brúkun hans og annast

piness-through-sheep-cows-and-pigs/: „Being interesting is a political achievement for animals“.

⁵⁷ Böðvar Magnússon, „Jóhanna Magnúsdóttir“, *Dýravínurinn* 15/1914, Reykjavík: Hið íslenska þjóðvinafélag, bls. 39.

fóður hans, og þekki ég fáa, sem vænna hefur þótt um reiðhest sinn en hana, enda er hún sá mesti dýravinur sem ég þekki.⁵⁸

Böðvar lætur fylgja með ljósmynd af Jóhönnu á baki hestsins Goða, daginn áður en hann lét lífið, auk erfiljóðs sem hún samdi eftir andlát hans, „Goða-vísur“.

Í bréfi Böðvars kemur skýrlega fram að þótt einstaka konur hafi átt reiðhesta hafi sögur þeirra og frásagnir ekki ratað inn á síður *Dýravinarins*, þrátt fyrir ríkulegt magn hestasagna sem þar birtust. Kannski lifðu hestar kvenna ekki lífi sem taldist markvert í augum karlanna, en Böðvar heldur því fram að fáum reiðhestum líði betur en þeim sem tilheyri konum og gefur í skyn að hestar kvenna hafi átt meira lúxslíf en hestar karla, enda ferðuðust karlar mun meira á sínum hestum og þar af leiðandi áttu þeir hestar erfiðara líf. Allar konur fóru til kirkju en karlarnir fóru víðar – í verið, í kaupstað, að smala, á fundi – og væntanlega hafa þeir frekar fundið sig knúna til að segja af hestum sínum sögur, einkum í því félagslega samhengi sem myndast þegar margir karlar koma saman með hesta sína og stæra sig af þeim hver við annan. Böðvar lætur Goða hljóma eins og heimakæran hest í eigu konu sem var mikill dýravinur, en engu að síður má benda á að Böðvar skilgreinir þann mikla kost í fari Jóhönnu út frá eiginmanni hennar og útskýrir að umhyggja hennar fyrir öllum dýrum sé einstök, „enda er hún um alt slíkt sjálfráð, því maður hennar er mikill dýravinur, og fer manna bezt með allar skepnur“.⁵⁹ Einnig er erfitt að líta framhjá því að þessi fyrsta reiðkona sem birtist á síðum *Dýravinarins* sendir ekki mynd og kvæði undir eigin nafni, heldur er það karlmaðurinn Böðvar sem skrifar og bendir á þennan skort á nafntog- uðum dýraverndarkonum.

Bréf Böðvars hjálpar til við að svara spurningunni: hverjir skrifa um hesta? Og svarið er að það eru að langmestu leyti karlmenn. Það sem hefur legið á milli lína og verið ósagt árum saman í tímaritinu færir Böðvar hér með í orð: það er alvarlegur kynjahalli í *Dýravininum*.⁶⁰ Þetta kemur líklega lítið á óvart miðað við stöðu kvenna í samfélaginu almennt á síðari hluta nítjándu aldar, en í samhengi við bæði tilurð tímaritsins og samfélagsleg tengsl dýraverndar og kvenréttindabaráttu á nítjándu öld í nágrannalöndunum hefði

⁵⁸ Sama heimild, sami staður.

⁵⁹ Sama heimild, sami staður.

⁶⁰ Kynjahallinn birtist líka í *Horfnunum góðbestum*, þar sem höfundur taldi 11 hross sem voru í eigu kvenna, af yfir 200 nafntogudum hestum, og sumar þeirra voru eigendur aðeins að titli og notuðu ekki endilega hesta sína. Þótt vera kunna að einhver hross hafi farið framhjá höfundi í talningunni, er augljós gjá þarna á milli.

mátt ímynda sér að *Dýravínurinn* bryti í bága við slíkan kynjahalla. Uppruni tímaritsins liggur til dæmis hjá konum og kvenhöfundum, en Tryggvi byggði það á dýravíninum danska, *Dyrevennen*, tímariti sem gefið var út af Dýraverndarfélagi danskra kvenna. Fyrsta tölublað íslenska *Dýravínarins* var nær alfarið þýtt úr dönsku og Dýraverndarfélag danskra kvenna skrjáð sem útgefandi, en eftir það tók Hið íslenska Þjóðvinafélag við sem útgefandi og Tryggvi alfarið við ritstjórn. Skáldkonan Benedicte Arnesen-Kall, sem var dönsk í móðurætt en íslensk í föðurætt, dóttir Páls Árnasonar, var ein þeirra dönsku dýraverndarkvenna sem stóðu að baki útgáfunni og á nokkrar þýddar sögur í fyrstu tölublöðum *Dýravínarins*. Benedicte var jafnframt frænka Tryggva og í ávisögu hans skrifar Bergsteinn Jónsson að Tryggvi hafi kynnst „Tante Benedicte“ snemma á Kaupmannahafnarárum hans og að hún hafi vakið áhuga Tryggva á dýraverndunarmálum: „Þurfti ekki lengi við hann að ræða, áður en augu hans opnuðust fyrir þeirri hraklegu meðferð, sem húsdýr á Íslandi sættu iðulega af hendi eigenda sinna.“⁶¹ Benedicte átti því stóran hlut í að kveikja fyrsta neista dýraverndar hér á landi og Tryggvi sjálfur hóf sína vinnu út frá fyrirmynd danskra athafnakvenna.

Frá fyrstu tölublöðum virkar Tryggvi líka eins og hann sé hálfgerður staðgengill í hlutverki ritstjóra og þótt hann dragi aldrei úr áhuga sínum á málefni sem hann telur greinilega afar mikilvægt, þá hvetur hann reglulega íslenskar konur til að taka sig saman og stofna dýraverndarfélag að danskri fyrirmynd. Hann nefnir þetta fyrst í öðru hefti tímaritsins árið 1887, þar sem hann segist telja konum best treystandi til að stofna slíkt félag, þótt „margir af flokki karlmanna mundu verða fúsir til að rétta þeim hjálparhönd“,⁶² en í fjórða heftinu (1891) skorar hann beinlínis á íslenskar konur, giftar sem ógiftar, að láta á það reyna að stofna félag.⁶³ Tryggvi hefur séð dugnað bæði danskra og sænskra dýraverndarkvenna í verki og veit að með því að virkja konur verði hægt að gera alvöru úr slíku málefni. Hann telur dýravernd vera samfélagsmál sem eigi betur við konur en karla – því þeim er „tileinkuð blíða og viðkvæmni [og] því eðli þeirra samboðið að taka málstað munaðarleysingjanna“⁶⁴ – en sér það líka sem leið fyrir konur til að grípa tækifærið og sýna hvað í þeim býr, enda segist hann ætíð hafa verið „á þeirri skoðun að konur ættu að hafa jafnan rétt og karlmenn til hvernar þeirrar

⁶¹ Bergsteinn Jónsson, *Tryggvi Gunnarsson*, IV. bindi, Reykjavík: Bókautgáfa Menningarssjóðs, 1990, bls. 293.

⁶² Tryggvi Gunnarsson, „Formáli“, *Dýravínurinn* 2/1887, blaðsíðutal vantar.

⁶³ Tryggvi Gunnarsson, „Formáli“, *Dýravínurinn* 4/1891, Kaupmannahöfn: Hið íslenska Þjóðvinafélag, blaðsíðutal vantar.

⁶⁴ Sama heimild.

stöðu í mannfélaginu, sem þær hafa hæfilegleika til“ og „að þær ættu að hafa sömu skyldur sem karlmenn“.⁶⁵

Hvatningar og áskoranir Tryggva eru gangandi stef í gegnum heildarútgáfu *Dýravinarins* og merkilegt er að fylgjast með breyttum tóni eftir því sem árin líða. Eftir áskorunina 1891 tóku níu hefðarkonur sig saman og sendu út sína eigin áskorun til íslenskra kvenna, þar sem segir meðal annars: „Dýraverndunarfélög eru nú í flestum löndum í Evrópu. Í Danmörku og Svíaríki hafa konur verið fyrstu stofnendur þeirra. Vér viljum nú styðja að því, að íslenskar konur verði ekki mörg ár eftirbátar, og mælumst því hér með til þess, að þér vekid máls á þessu efni við konur í yðar héraði og verðið framvegis hjálplegar því, að „Íslenskt dýraverndunarfélag“ verði stofnað næsta ár“.⁶⁶ Ein þeirra sem skrifar undir ákallið er Benedicte Arnesen-Kall. Ekkert varð þó úr stofnun félags á þeim tíma, þótt nokkrir smærri hópar hafi tekið sig til í stöku sveitum, svo sem félög á Seyðisfirði, Akranesi og í Reykjavík, en þá undir stjórn karlmannna. Tryggvi er hvetjandi í garð kvenna en virðist jafnframt sýna ákveðið skilningsleysi á flókinni stöðu þeirra í samfélaginu þegar hann kennir áhugaleysi þeirra fyrst og fremst um að ekki hafi verið stofnað til félags, segir kvenþjóðina draga sig „of mikið í hlé, einkum á Íslandi“⁶⁷ og telur „undirtektir kvenna út um landið [...] daufar svo ekkert varð úr því“.⁶⁸ Honum tekst nánast að láta íslenskar konur hljóma eigin-gjarnar fyrir þær sakir að hafa forgangsraðað eigin málum umfram dýrin, en árið 1914 skrifar Tryggvi: „Kvenþjóðin hefir nú átt svo annríkt undanfarin ár, að afla *sér sjálfri* atkvæðaréttar og annara kvennréttinda. Nú hefir hún fengið flestar sínar óskir uppfyltar, svo nú vona ég, að hún komist til þess, að stofna dýraverndunarfélag og gangast fyrir því, að *dýrin* fái réttindi og góða meðferð“.⁶⁹ Þegar Dýraverndunarfélag er loks stofnað fyrir allt landið árið 1916 harmar hann að það hafi því miður ekki verið kvenþjóðin, sem stofnaði það félag, en telur þær „geta bætt úr drættinum með því, að stiðja þetta nýja félag með ráð og dáð, og þó einkum með því, að innræta börnum sínum á unga aldri velvild til dýranna.“⁷⁰

Nú hljómar líklega eins og *Dýravinurinn* hafi alfarið verið karlablað, en svo var ekki, þótt kvenhöfundar séu vissulega í minnihluta. Danskar konur

⁶⁵ Sama heimild.

⁶⁶ Tryggvi Gunnarsson, „Formáli“, *Dýravinurinn* 15/1914, blaðsíðutal vantar.

⁶⁷ Tryggvi Gunnarsson, „Formáli“, *Dýravinurinn* 4/1891.

⁶⁸ Tryggvi Gunnarsson, „Formáli“, *Dýravinurinn* 15/1914.

⁶⁹ Sama heimild, skáletrun í upprunalegum texta.

⁷⁰ Tryggvi Gunnarsson, „Formáli“, *Dýravinurinn* 16/1916, Reykjavík: Hið íslenska þjóðvinafélag, blaðsíðutal vantar.

eiga þýddar sögur hér og þar, svo sem Arnesen-Kall og Anna Brøndum, en íslenskar konur skrifuðu líka og mest fer fyrir þeim á seinni hluta útgáfuskeiðsins. Í 15. hefti, sama blaði og Böðvar skrifar um Jóhönnu Magnúsdóttur, má einnig finna fjórar sögur eftir Önnu Thorlacius, eina eftir Önnu S. Austmann og eina eftir Guðbjörgu Þorleifsdóttur. Anna Thorlacius skrifar um kött, kýr, sólskríkju og hund; Anna Austmann um lamb og Guðbjörg um steindepla. Þessi fjöldi heyrir þó til undantekninga á heildina litið, því í flestum tilvikum eru efnisyfirlitin alfarið skipuð karlmönnum. Af þeim fáu kvenhöfundum sem fá sögur birtar eru einungis tvær sem skrifa um hesta, en báðar birtast í áttunda hefti, 1899. Annars vegar eru það vísurnar um „Vindu“ eftir Guðrúnu Jónsdóttur í Haga, lofgjörð og minning um góðan reiðskjóta: „Samt varst þú svo þæg við mig / þrátt fyrir kappið harða / öllu réð ég ein við þig / er mér þótti varða“.⁷¹ Hins vegar er það atvikssagan um „Rauð“ eftir Sigrúnu Bergvinsdóttur, sem er einkar áhugaverð í ljósi þess að hún fjallar um reiðhest eiginmanns hennar, en Sigrún hélt honum eftir að maður hennar lést, því hún vissi að Rauður hafði verið kærastur allra dýra sem hann átti og vildi því ekki sleppa honum úr eigu sinni. Sigrún flutti með Rauð í aðra sýslu og eftir það var hann óstýrilátur og strokugjarn og róaðist ekki fyrir en hún ein tók að sjá um hann. Sagan er stutt, en lýsir tilfinningasambandi þeirra tveggja og tengingu þeirra á milli, sem entist þó ekki lengi, því Rauður veikist og deyr í sögulok og síðari hluti sögunnar fjallar alfarið um það hvernig Sigrún hjúkraði og sá um Rauð allt fram undir það síðasta.

Þótt báðar sögunnar hafi komið frá kvenhöfundum, þá ber að nefna að hvorug sendir söguna inn sjálf.⁷² Undir sögum Sigrúnar stendur að „Síra Jónas Jónasson prófastur á Hrafnagili í Eyjafirði hefur sagt þessar sögur, og telur hann engan efa á, að þær séu sannar. Útgef.“⁷³ og undir kvæði Guðrúnar er skrásett að vísurnar hafi verið sendar inn af „Br. J.“ (að öllum líkindum Brynjólfur Jónsson, sem skrifaði reglulega í blaðið) sem dæmi um að „andleg viðkyrning manna og dýra getur orðið talsvert innileg og að þess

⁷¹ Guðrún Jónsdóttir, „Vinda“, *Dýravínurinn* 8/1899, Reykjavík: Hið íslenska þjóðvinafélag, bls. 25.

⁷² Það var ekki óalgengt að aðrir en höfundar sendu inn sögur – í sama blaði má t.d. finna samtíning af mjög stuttum dýrasögum sem séra Jón Jónsson á Stafafelli hefur safnað í sveitinni og sent *Dýravíninum* og þar má m.a. finna frásögn af kú sem öskrar á hjálp, höfð eftir Steinunni Jónsdóttur, dóttur bóndans sem kýrnar átti. „Dýrasögur“, *Dýravínurinn*, 8/1899, bls. 16–17.

⁷³ Sigrún Bergvinsdóttir, „Lambi, Rauður og kisa“, *Dýravínurinn* 8/1899, bls. 12–14, hér bls. 14.

eru dæmi hjá íslenskri alþýðu, þrátt fyrir allt“.⁷⁴ Fjórum árum áður, í 6. hefti *Dýravinarins*, má finna fjórar sögur skrásettar af nafnlausa kvenhöfundinum „G.S.“ og þar má finna tvær hestasögur, sem eru þó báðar endursagnir á sögum frá föður hennar og nágranna. Sú þriðja er endursögn á hundasögu eftir föður hennar, en fjórða sagan, „Horkindin“, er jafnframt sú sterkasta og persónulegasta, en hún er æskuminning frá því að höfundur var sjálf tólf ára gömul og rak burtu hrafn sem hafði kroppað annað augað úr afvelta kind: „og hún leit svo sáraumkunarlega á mig með heila auganu, að mér fanst mér ætla að verða illt.“⁷⁵ Sagan er tilfinningarík og óvenjuleg, enda bætir útgefandi við athugasemd í sögulok þar sem hann segist hafa tekið „feigins hendi á móti þessari sögu og myndi með þökkum veita viðtöku fleirum slíkum“.⁷⁶ En það er önnur athugasemd sem er kannski frekar lýsandi fyrir þá fordóma sem lágu á milli línanna í tímaritaútgáfu þess tíma, jafnvel í blaði sem virkaði hvetjandi til kvenhöfunda í stefnuyfirlýsingum sínum, og hana er að finna í inngangi gestarítstjóra sem tók að sér að safna nokkrum sögum fyrir þetta sama hefti, þeirra á meðal sögum nafnlausa kvenhöfundarins „G.S.“ Ritstjórinn er Þorsteinn Erlingsson og hann harmar að höfundur skuli ekki vilja láta nafns síns getið og segist ekki hafa „leyfi til að setja undir þessar sögur nema fangamarkið, og þykir mér það leitt, því mér finst sögurnar höfundinum til sóma, þó kona sé.“⁷⁷

Spurningin um hverjir segi sögur af dýrum er nátengd spurningunni um hvaða dýr teljast frásagnarverð – sem er í sjálfu sér gildishlaðin og pólitísk spurning, ef marka má hugmyndir Despret um að vekja áhuga mannfólksins. En spurningunum má einnig snúa á rönguna – hverjir segja *ekki* sögur af dýrum og hvaða dýr fá *ekki* um sig sögur? – og þeim má blanda saman til að skoða sambandið á milli þeirra sem segja (ekki) frá og þeirra sem er (ekki) sagt frá. Konur skrifa sjaldan í *Dýravininn*, en það þýðir ekki að þær hafi ekki haft sögur að segja, og konur segja sjaldan frá hestum, en það þýðir ekki að þær hafi ekki átt merkileg kynni af þeim. Útgefin verk eru bara hluti af margbrotnu lífi mannfólks og annarra dýrategunda og þótt þar sé að finna ákveðna tegund sannleika, þá er ekki þar með allur sannleikurinn sagður. Ef íslenskir góðhestar voru vinsælasta yrkisefni tímans, þá var íslenska góðkýrin líklega sjaldséðasta húsdýrið á síðum *Dýravinarins* og þótt víðar væri

⁷⁴ Guðrún Jónsdóttir, „Vinda“, *Dýravinurinn* 8/1899, bls. 25.

⁷⁵ „Smásögur“, *Dýravinurinn* 6/1895, Þorsteinn Erlingsson safnaði, bls. 19–26, hér bls. 20.

⁷⁶ Sama heimild, bls. 21.

⁷⁷ Sama heimild, bls. 19.

leitað. Það vekur því athygli að fyrsta atvikssagan sem skrifuð er af íslenskum kvenhöfundum fyrir *Dýravíminn* skuli vera „Um kýrnar“ og birtist hún í þriðja heftinu (1889). Þar áður höfðu tvær sögur eftir Arnesen-Kall birst á síðum tímaritsins⁷⁸ og í fyrsta hefti var höfundarlaus hugleiðing um kýr þýdd úr dönsku⁷⁹ (nærri allt í því hefti var birt nafnlaust), en Hildur Johnsen er fyrsti nafngreindi höfundurinn sem skrifar um kýr. Hún skrifar tvær atvikssögur sem báðar draga fram óvenjulegt sjónarhorn á kýr – önnur fjallar um minnuga kýr sem „bendir til þess að kýr hafa betra minni en almennt er álitid“ og hin um hyrnda kú sem þurfti að þola raunir vegna þess að hún gat ekki drukkið úr vatnskassanum sökum framstæðra hornanna og mannfólkið gat ekki skilið orsakir vanlíðunarinnar fyrr en seint og um síðir, því enginn hafði fyrir að setja sig í spor hennar.⁸⁰ Fyrri kýrin, sú minnuga, hét Hjálma og kom jafnframt af nafntogudum bæ, en hún var í eigu systur Hildar, skáldkonunnar Guðnýjar Jónsdóttur frá Klömbrum, og með greininni fylgir vísustúfur eftir Guðnýju: „Segðu ég megi mjólkur snauð / um meira‘ enn þorsta kvarta / því kýrin mín sé köld og dauð / og komin í ótal parta.“⁸¹

Ef góðhesturinn var stöðutákn sem karlar gátu stært sig af á ferðum sínum um landið, þá voru kýrnar félagsskapur kvennanna á bænum og eflaust voru til ótal sögur af konum og kúm sem aldrei rötudu á prent. Kýr hafa ekki þótt jafnähugaverð dýr og þar af leiðandi hafa sögur af þeim ekki vakið sömu athygli. Ofan á það bætast samfélagslegar flækjur tengdar stöðu kvenna – þeirra sem sáu um kýrnar og þekktu sögurnar af þeim – og ekki er að undra að aldrei hafi komið út safnrít um horfnar góðkýr. En kýr eru ekki síður áhugaverð dýr en hestar, kindur eða apar, og því er mikilvægt að draga línu yfir til okkar samtíma og velta fyrir sér: hvaða sögur segjum við nú af dýrum? Hverjir segja þær og hvers vegna? Og hvað þarf til að vekja áhuga okkar á kúnum?

6. *Hlustað á þögnina*

Dýrasögur eru ekki einföld bókmenntagrein, þótt aldalangar hefðir um föflur og ævintýri kunni að hafa bjagað sýn okkar á þær að vissu leyti.⁸²

⁷⁸ „Mirza“ (1/1885) er saga um ítalskan kött sem bjargar barni frá drukknun og „Sagan af Almansor konungssyni“ (2/1887) er ævintýri um harðbrjósta prins sem breytt er í hund og lærir að sýna dýrunum væntumþykju.

⁷⁹ „Kýrnar“ er hugleiðing um hjálpsemi meðal kúa og fjallar m.a. um enskar kýr.

⁸⁰ Hildur Johnsen, „Um kýrnar“, *Dýravíminn* 3/1889, bls. 42.

⁸¹ Sama heimild, sami staður.

⁸² Ítarlega greiningu á dýrasögum sem andófsbókmenntum má finna í doktorsritgerð minni um efnid, „Literal Animals: An exploration of animal worlds through lang-

Dýrasögur eru pólitískar bókmenntir því þær fela í sér gildishlaðnar og siðferðislegar spurningar sem tengjast þeim dýrum sem fjallað er um hverju sinni – og þeim sem ekki er fjallað um. Samspil hins sýnilega og ósýnilega er einn mikilvægasti þátturinn í sambandi mannfólks við dýrin og það birtist ekki síður í bókmenntum heldur en í siðfræði eða náttúruvísindum. Í þessari grein voru sögur af góðum og slæmum hestum notaðar til að benda á togstreituna á milli sýnilegra og ósýnilegra dýra í atvikkisögum og skáldskap, en þær sögur sem teknar voru til greiningar voru útgefnar og til á prenti. Með því að styðjast við kynjafræðilegt sjónarhorn á dýrasögurnar er síðan hægt að kafa enn dýpra og velta fyrir sér þeim ótal sögum sem ekki rötudu út í samfélagið, hverjar sem ástæðurnar fyrir þeirri þögn eða þöggun kunna að hafa verið.⁸³

Mannmiðjan er allsráðandi og að vissu leyti er auðvitað ómögulegt að stíga út fyrir hana – við erum jú mannfólk og getum ekki hugsað eins og aðrar dýrategundir. En við getum ímyndað okkur líf dýra upp að vissu marki, vegna þess að þótt tilfinningar, hugsanir og minningar þeirra séu ólíkar okkar, þá eru þær engu að síður til staðar, og að hundska líf dýra sýnir fram á mannmiðjuhugsun af verstu gerð. Dýrasagan er þörf áminning um að mennskt sjónarhorn sé einungis eitt af óteljandi þúslum sem móta umheiminn. Áður fyrr voru dýrasögur markvisst notaðar sem pólitísk tól í dýravernd og ekki að ástæðulausu, því í þeim býr kraftur sem ekki má vanmeta. En dýrasögur bera jafnframt með sér ákveðna fordóma, ákveðna mannmiðjusýn, því ekki öll dýr eru talin nægilega áhugaverð til að verða sögupersónur. Samfélagið hefur áhuga á villtum dýrum, af sögum úr fjarlægum frumskógum, af dýrum á barmi útrýmingar, því þar er áþreifanlegur og knýjandi harmleikur til staðar. Fyrirsagnir um milljónir dauðra dýra eru svo ógnvænlegar og víðfeðmar að ómögulegt getur verið að ná utan um slíkar upplýsingar. En vel skrifuð saga af brennandi kóalabirni getur máð mörk mannmiðjunnar og hjálpað til við að endurhugsa samband okkar við víðari lífheim. Ein ljósmynd af beinaberum ísbirni kveikir undireins í dýrasögu, fyrir þá sem þora að horfast í

uage, culture and narrative“, sem varin var við Háskóla Íslands í ágúst 2016.

⁸³ Höfundur er ekki sérfróður um kynjafræði og í upphafi var ætlunin ekki að fara út í kynjafræðilega greiningu á þessum sögum. Hins vegar reyndist kynjahallinn svo sláandi við lestur á *Dýravíminum* og öðrum samtímaheimildum að höfundi þótti nauðsynlegt að flétta honum inn í umræðuna í von um að skilja betur hvaða ólíku samfélagslegu þættir hafa áhrif á framsetningu dýra í menningunni, ekki síst í ljósi grundvallaráhrifa kvenna í sögu dýraverndar á Norðurlöndunum. Kynjafræðileg rannsókn á birtingarmyndum dýra er flókinn og áhugaverður þráður sem aðrir mættu gjarnan grípa á lofti og vinna áfram.

augu við líf dýrsins og setja sig í spor þess.

Hvað þá með þau dýr sem ekki eru í bráðri hættu og teljast hvorki áhuga-verð né spennandi? Húsdýrin, meindýrin, dýrin sem lifa undir hæl vanafestunnar, í nágrenni við mannfólk, á ræktunarstöðvum og á götum úti? Sögunnar sem hér voru teknar til skoðunar eiga það allar sameiginlegt að vera yfir aldar gamlar og tilheyra tímabili þegar dýrasagan átti auðveldar uppdráttar sem bókmenntaform fyrir eldri lesendur, jafnt sem yngri. En hvernig myndu dýrasögurnar líta út nú á dögum, ef rithöfundar samtímans tækju sig saman um að rannsaka snertimörk tegundanna í okkar samfélagi? Hver vill skrifa (eða lesa) dýrasögu sem gerist á verksmiðjubúi? Um hreindýrin í Kringilsárrana? Minkana í gasklefunum? Kýrnar á mjólkurbúunum og kálfana í sláturhúsunum? Um hvalina í sjónum eða rotturnar í miðborginni? Hvar eru mávasögurnar, hænusögurnar, svínasögurnar, geitungasögurnar? Hvernig liti efnisyfirlitið út á skrifborði Tryggva Gunnarssonar árið 2020? Líklega myndi það einkennast af eyðum, óskrifuð blöðin yfirfull af ósögðum sögum af dýrum sem fá aldrei að njóta sviðsljóssins. Þá ber okkur að hlusta á þögnina, sem er fjarri því að vera hljóðlát.

Í greinarlok er við hæfi að rifja aftur upp glæsilega útför Rútsstaða-Jarps árið 1895 og staldra aðeins við hjá konunni sem „gekk frá hesthúsinu heim að bænum með fötu í hendi. Það var Björg húsfreyja. Hún kom frá því að kveðja vininn sinn hinztu kveðju með síðasta, en ekki fyrsta mjólkursopnum. Engin jarðnesk vitni voru við þá kveðjuathöfn.“⁸⁴ Hvers vegna bætir Ásgeir þessari síðustu línu við, að engin jarðnesk vitni hafi fylgst með þeirri athöfn? Með því leggur hann áherslu á að enginn viti hvað fram fór á milli Jarps og Bjargar í hesthúsinu, annað en að athöfnin var húsfreyjunni mikilvæg. Á milli línanna í þessu stutta kaflabroti Ásgeirs leynist ósögð saga um vináttu konu og hests sem við fáum aldrei að kynnast, því innan í heilagri þögninni í hesthúsinu má hlýða á allar þær dýrasögur sem ekki þóttu nógu áhugaverðar til að rata á prent, en hafa engu að síður ávallt verið til staðar, hver og ein merkingarbær í sjálfu sér og mótandi kraftur í sambandi manneskju og dýrs.

⁸⁴ Ásgeir Jónsson, „Horfnir góðhestar“, bls. 197.

ÚTDRÁTTUR

**Jarpur, Blakkur, Skjóni, Stjarna og Hjalma:
sýnileg og ósýnileg dýr í íslenskum dýrasögum**

Viðfangsefni greinarinnar er hvernig hugmyndin um „góðhestinn“ birtist í íslenskum dýrasögum á síðari hluta nítjándu aldar og fyrri hluta þeirrar tuttugustu með því markmiði að draga fram duldar forsendur og merkingarauka sem fylgja framsetningu hesta (og annarra dýra) í slíkum sögum. Spurt er hvaða dýr teljast yfir höfuð frásagnarverð og sjónum þannig beint að togstreitunni á milli sýnilegra og ósýnilegra dýra í samfélaginu. Dýrasagan sem bókmenntaform er ávallt lituð af mannmiðjuhugsun upp að vissu marki og því er sérstakur gaumur gefinn þeim áhrifum. Sú bókmenntasaga er auk þess nátengd uppvexti íslensku dýraverndarhreyfingarinnar og því er samband skáldskapar og siðfræði í tímaritinu *Dýravínum* athugað sérstaklega. Í síðari hluta greinarinnar er vöngum velt yfir því hverjir það séu sem helst skrifi dýrasögur og rýnt í efnið út frá kynjafræðilegri nálgun. Í lokakafli er haldið fram að sum dýr séu sannarlega vinsælli en önnur og að mikilvægar eyður og merkingarbærar þagnir sé að finna í bókmenntasögu dýraskáldskapar. Dýrasögur eru þannig álitnar pólitískar bókmenntir því þær fela í sér gildishlaðnar og siðferðislegar spurningar sem tengjast þeim dýrum sem fjallað er um hverju sinni – og þeim sem ekki er fjallað um.

Lykilorð: dýrasögur, dýrasiðfræði, mannmiðja, bókmenntir, dýravernd, hestar.

A B S T R A C T

**Jarpur, Blakkur, Skjóni, Stjarna and Hjalma:
Visible and invisible animals in Icelandic animal fiction**

The article revolves around how the notion of the „good horse“ appears in Icelandic animal stories from the late 19th and early 20th centuries, in order to shed light on inherent prejudices and connotations regarding the representation of horses (and other animals) in such tales. The question is raised of which animals are generally deemed worthy narrative subjects and by doing so the tension between visible and invisible animals in society is brought to attention. The animal story as a literary form is always affected by anthropocentrism to some extent and therefore those effects will be examined as integral parts of the genre. The history of animal fiction is also intimately related to the rise of the Icelandic animal welfare movement and as such the relationship between fiction and ethics in the welfarist magazine *The*

GUNNAR THEODÓR EGGERTSSON

Animals' Friend will be put into focus. The second half of the article raises issues regarding which authors are behind these animal stories and the subject analyzed from a gendered perspective. In conclusion it is claimed that some animals are surely more popular than others and that important gaps and a meaningful silence is to be found within the literary history of animals in fiction. Consequently, animal stories should be regarded as political fiction, since they involve value-charged and moral questions regarding the animals therein – and the ones that get left out.

Keywords: animal stories, animal ethics, anthropocentrism, literature, animal welfare, horse fiction.

GUNNAR THEODÓR EGGERTSSON

Rithöfundur og doktor í almennri bókmenntafræði

www.gunnaregg.com

gunnaregg@gmail.com